

SASS

SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Starfsskýrsla SASS fyrir starfsárið 2015 – 2016



EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	3
STJÓRN, STARFSMENN OG STARFSSTÖÐVAR	3
SKIPULAGSBREYTINGAR	3
RÁÐGJAFAPJÓNUSTA.....	7
UPPBYGGINGARSJÓÐUR SUÐURLANDS.....	10
SÓKNARÁÆTLUN 2015 til 2019.....	12
SÓKNARÁÆTLUN - ÁHERSLUVERKEFNI.....	15
<i>Áhersluverkefni Sóknaráætlunar árið 2015</i>	15
<i>Áhersluverkefni Sóknaráætlunar árið 2016</i>	16
ALMENNINGSSAMGÖNGUR	26
ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ EIGNARHALDSFÉLAG SUÐURLANDS.....	27
ART VERKEFNIÐ	27
SAMNINGAR.....	28
UMSAGNIR OG ÁLYKTANIR.....	29
LOKAORÐ.....	40

Forsíðumyndin er tekin af Sólveigu Sjöfn Ragnarsdóttur - Hvannadalshnjúkur.

INNGANGUR

Í þessari ársskýrslu SASS starfsárið 2015 – 2016 er fjallað um helstu verkefni á milli aðalfunda 29. október 2015 og 20. október 2016. Farið er yfir störf stjórnar, umsagnir og ályktanir sem samtökin hafa sent frá sér og gerð grein fyrir þeim verkefnum sem samtökin vinna að.

STJÓRN, STARFSMENN OG STARFSSTÖÐVAR

Í stjórn SASS sem kosin var á aðalfundi SASS 2015 sitja; Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshreppi, formaður, Páll Marvin Jónsson, Vestmannaeyjabæ, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg, Eggert Valur Guðmundsson, Sveitarfélaginu Árborg, Sæmundur Helgason, Sveitarfélaginu Hornafirði, Elín Einarsdóttir, Mýrdalshreppi, varaformaður, Anna Björg Níelsdóttir, Sveitarfélaginu Ölfusi, Unnur Þormóðsdóttir, Hveragerði og Ágúst Sigurðsson, Rangárþingi ytra. Auk þess hafa varamennirnir Eva Björk Harðardóttir, Skaftárhreppi, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg, Eypór H. Ólafsson, Hveragerði, Lilja Einarsdóttir, Rangárþingi eystra og Jón Páll Kristófersson, Sveitarfélaginu Ölfusi, setið einn eða fleiri fundi stjórnar. Alls hélt stjórnin 13 stjórnarfundum en auk þess sóttu stjórnarmenn aðra fundi og ráðstefnur fyrir samtökin. Stjórnarfundir voru haldnir í húsnæði SASS að Austurvegi 56, Selfossi en auk þess voru þeir líka haldnir í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi, Félagsheimilinu í Árnesi, Stracta hótelinu á Hellu, Stjórnsýsluhúsinu á Borg, Suðurlandsvegi 1-3 á Hellu og Ráðhúsi Árborgar. Sveitarstjórnir í þeim sveitarfélögum sem heimsótt voru var boðið á stjórnarfundum til að skiptast á skoðunum um mikilvæg málefni.

Sveitarfélög á Suðurlandi eiga tvo fulltrúa í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þau, Aldísi Hafsteinsdóttur, Hveragerði og Ísólf Gylfa Pálmason, Rangárþingi eystra.

Hjá samtökunum störfuðu samtals 13 starfsmenn en með skipulagsbreytingunum í desember sl. fækkaði þeim um fimm. Hjá SASS starfa Alda Alfreðsdóttir, Ragnheiður Óskarsdóttir, Sólveig Sjöfn Ragnarsdóttir, Þórður Freyr Sigurðsson auk Bjarna Guðmundssonar framkvæmdastjóra. Við ART verkefnið starfa þrír sérfræðingar Sigríður Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri, Kolbrún Sigþórsdóttir og Gunnar Þór Gunnarsson. Kolbrún lét af störfum í ágúst sl.

Samtökin hafa starfsstöðvar á Selfossi og Hvolsvelli.

SKIPULAGSBREYTINGAR

Á fundi stjórnar SASS þann 17. desember sl. var samþykkt að gera skipulagsbreytingar á starfssemi samtakanna.

Ljóst er að miklar breytingar hafa orðið í umhverfi SASS á undanförunum árum og því nauðsynlegt að laga hlutverk og skipulag þeirra að nýjum aðstæðum. Samtökunum hafa verið falin ný verkefni en þau eru mörg tilkomin vegna samninga við hið opinbera og lagasetningar.

Samtökin hafa brugðist við þessum breytingum að hluta, með yfirfærslu á starfssemi Atvinnuþróunarfélags Suðurlands til samtakanna fyrir fjórum árum og með að sameina starfssemi Menningarráðs Suðurlands við starfsemina árið 2015.

Árið 2015 voru ný lög, um byggða- og sóknaráætlanir landshluta, samþykkt á Alþingi. Á sama ári var undirritaður nýr samningur við samtökin um Sóknaráætlun Suðurlands og gildir hann til 5 ára. Samningurinn er víðtækur og tekur til stefnumörkunar landshlutans á sviði byggðamála, fjármögnunar þróunarverkefna og reksturs Uppbyggingarsjóðs Suðurlands. Samningurinn tekur m.a. til málefna atvinnuþróunar og nýsköpunar, menningarmála, mannauðs og lýðfræðilegrar þróunar svæða á Suðurlandi. Samningurinn er í raun samheiti og grunnur að starfi samtakanna á sviði byggðaþróunar. Fyrir nokkrum árum tóku samtökin einnig að sér umsjón almenningssamgangna á Suðurlandi en þessi málaflokkur skiptir miklu máli fyrir landshlutann og hefur víðtæk áhrif á byggðaþróun.

Ákveðið var að koma á fót tveimur nýjum sviðum hjá SASS en annað sviðið sinnir innviðum og hitt þróun. Hlutverk þróunarsviðs er að sinna stefnumótun, ráðgjöf og verkefnastjórnun á sviði byggðamála, s.s. á sviði menningarmála og atvinnuþróunar og nýsköpunar en sviðið ber einnig ábyrgð á framfylgd sóknaráætlunar landshlutans og umsjón með Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Innviðasvið sinnir hins vegar almenningssamgöngum, ART-teyminu, sveitarstjórnarmálum og hagsmunagæslu landshlutans.

Markmið skipulagsbreytinganna er að gera starfsemina skilvirkari, hagkvæmari og sveigjanlegri, um leið og náð er fram aukinni samlegð með ólíkum samstarfsaðilum á Suðurlandi. Á sama tíma er markmiðið að tryggja áfram slagkraft samtakanna á sviði hagsmunagæslu sveitarfélaga á Suðurlandi og uppbyggingu innviða. Höfuðmarkmiðið er að starfsemin eflist á öllum sviðum. Stjórn SASS og framkvæmdarstjóri munu áfram leiða samtökin í þeirri hagsmunagæslu. Jafnframt var ákveðið að Þórður Freyr Sigurðsson yrði sviðsstjóri þróunarsviðs.

Stjórn SASS samþykkti samhljóða að ráðast í þessar breytingar á starfseminni. Þær hafa í för með sér að í stað þess að verkefni séu unnin af ráðgjöfum, verkefnisstjórum og menningarfulltrúa í föstum störfum hjá SASS þá er þeim útvistað til samstarfsaðila á Suðurlandi s.s. Þekkingarsetursins í Vestmannaeyjum, Háskólafélagsins á Suðurlandi, Þekkingarsetursins Nýheima á Höfn, Kötlusetursins og Markaðsstofu Suðurlands. Auk þess verða skilgreind verkefni unnin í tengslum við aðra sérfræðinga þegar við á.

Breytingarnar leiddu til þess að af lögðust störf fimm ráðgjafa- og verkefnisstjóra. Starfsmönnum SASS fækkaði þar með úr þrettán í átta.

Tilgangur breytinganna:

- Breytt skipulag endurspeglar áherslur í starfi samtakanna.
- Bregðast við breyttum áherslum í samningum við hið opinbera.
- Laga starfsemi SASS betur að þörfum íbúa, fyrirtækja, sveitarfélaga og félagasamtaka á Suðurlandi.

Markmið breytinganna:

- Vera sveigjanlegri og bæta þjónustu við íbúa, fyrirtæki, sveitarfélög og félagasamtök á Suðurlandi.
- Lækka fastan rekstrarkostnað SASS.
- Styrkja og ná fram samlegð með samstarfsaðilum á Suðurlandi, þ.e. þekkingarsetrinu í Vestmannaeyjum, Háskólafélagi Suðurlands, þekkingarsetrinu á Höfn, Kötlusetri og Markaðsstofu Suðurlands.
- Útvista þjónustunni og fá aðgang að víðtækari þekkingu.

Samningur við samstarfsaðila


Gerður var samningur við samstarfsaðila á Suðurlandi, þ.e. Markaðsstofu Suðurlands, Kötlusetrið og þekkingarsetrin í Vestmannaeyjum, á Höfn og Háskólafélag Suðurlands, um að þeir sinni m.a. eftirfarandi:

- Ráðgjafþjónustu á nærsvæðinu á sviði atvinnu- og menningarmála.
- Veiti ráðgjöf um gerð umsókna í sjóði SASS eða aðra samkeppnissjóði.
- Aðstoði við gerð rekstrar- og viðskiptaáætlana jafnt fyrir nýsköpunar - og menningarverkefni.
- Sinni, eftir óskum SASS, þjónustu á sviði verkefnastjórnunar og stefnumótunar á svæðinu, auk þess að sinna þróunar- og sérverkefnum.
- Taki að sér verkefnastjórn um samstarfsverkefni sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnana í landshlutanum, auk þess að sinna þróunarverkefnum. Með þessu móti getur SASS falið ákveðnu þekkingarsetri, einu og sér eða í samstarfi við aðra, að vinna að sérstökum áhersluverkefnum samtakanna.
- Komi að vinnu við Sóknaráætlun Suðurlands.

Með ofangreindu verði tryggt að öflug þjónusta standi öllum til boða í landshlutanum.

Ávinningur:

- Styrkir stoðir og byggir upp þekkingu hjá samstarfsaðilum.
- Eykur samstarfið milli stofnana á Suðurlandi.
- Eykur sveigjanleika og nær fram meiri samlegð með samstarfsaðilum sem vinna að sömu markmiðum heima í héraði.
- Eflir góða tengingu við atvinnulíf, menningarlíf, sveitarstjórnir, stofnanir og fyrirtæki.
- Eykur sveigjanleika í samnýtingu á starfsmönnum samstarfsaðilans og aðstöðu.
- Býr til net þekkingar sem allir hafa aðgang að og nýta þar með mannauðinn betur þvert á landshlutann.
- Eykur fjölbreytileika og aðgang að sérhæfðari þekkingu með því að kaupa í meira mæli utanaðkomandi ráðgjöf.



RÁÐGJAFABJÓNUSTA

Ráðgjafabjónusta á vegum SASS er nú veitt um allan landshlutann af SASS og samstarfsaðilum. Samstarfsaðilar SASS eru Háskólafélagi Suðurlands, Markaðsstofa Suðurlands, Kötlusetur í Vík, Þekkingarsetrið í Vestmannaeyjum og Þekkingarsetrið Nýheimum á Höfn. Ráðgjafabjónustan er veitt af eftirfarandi aðilum, á eftirfarandi starfsstöðvum.



Þórður Freyr Sigurðsson,

Selfoss/Hvolsvöllur

Sviðsstjóri þróunarsviðs SASS

Starfsstöðvar: Selfoss (Austurvegi 56), Hvolsvöllur (Ormsvöllur 1)

Netfang: thordur@sudurland.is

Sími: 480 8200

Sérsvið: Uppbyggingarsjóður Suðurlands, Sóknaráætlun Suðurlands, stefnumótun, áætlanagerð og ferðamál.



Dagný Hulda Jóhannsdóttir, Selfoss

Framkvæmdastjóri

Starfsmaður: Markaðsstofu Suðurlands

Starfsstöð: Selfoss (Fjölheimar)

Netfang: dagny@south.is

Sími: 560 2030

Sérsvið: Ferðamál og markaðsmál.



Ragnildur Sveinbjarnardóttir, Selfoss

Ráðgjafi og verkefnastjóri

Starfsmaður: Markaðsstofu Suðurlands

Starfsstöð: Selfoss (Fjölheimar)

Netfang: ragnildur@south.is

Sími: 560 2030

Sérsvið: Ferðamál og markaðsmál.



Þorsteinn G. Hilmarsson, Selfoss

Ráðgjafi og verkefnastjóri

Starfsmaður: Markaðsstofu Suðurlands

Starfsstöð: Selfoss (Fjölheimar)

Netfang: thorsteinn@south.is

Sími: 560 2030

Sérsvið: Ferðamál og markaðsmál.

**Hrafnkell Guðnason, Selfoss**

Ráðgjafi og verkefnastjóri
 Starfsmaður: Háskólafélags Suðurlands
 Starfsstöð: Selfoss (Fjölheimar)
 Netfang: hrafnkell@hfsu.is
 Sími: 560 2030/560 2041
 Sérsvið: Uppbyggingarsjóður Suðurlands, frumkvöðlastuðningur, gerð viðskiptaáætlana, markaðsmál og alþjóðaviðskipti.

**Ingunn Jónsdóttir, Selfoss**

Ráðgjafi og verkefnastjóri MPM
 Starfsmaður: Háskólafélags Suðurlands
 Starfsstöð: Selfoss (Fjölheimar)
 Netfang: ingunn@hfsu.is
 Sími: 560 2030/560 2042
 Sérsvið: Vöru-, umbúða- og grafísk hönnun, stefnumótun, verkefnastjórnun og áætlanagerð.

**Sigurður Sigursveinsson, Selfoss**

Framkvæmdastjóri
 Starfsmaður: Háskólafélags Suðurlands
 Starfsstöð: Selfoss (Fjölheimar)
 Netfang: sigurdur@hfsu.is
 Sími: 560 2030/560 2040
 Sérsvið: Menntamál, byggðaþróun og og Sóknaráætlun Suðurlands.

**Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Höfn**

Ráðgjafi og verkefnastjóri
 Starfsmaður: Þekkingarsetursins í Nýheimum
 Starfsstöð: Höfn (Nýheimar)
 Netfang: gudrun@nyheimar.is
 Sími: 867 6604
 Sérsvið: Uppbyggingarsjóður Suðurlands, frumkvöðlastuðningur og gerð viðskiptaáætlana.

**Guðlaug Ósk Svansdóttir, Hvolsvöllur**

Ráðgjafi og verkefnastjóri
 Starfsmaður: Háskólafélags Suðurlands
 Starfsstöð: Hvolsvöllur (Ormsvöllur 1)
 Netfang: gudlaug@hfsu.is
 Sími: 560 2030
 Sérsvið: Uppbyggingarsjóður Suðurlands, ferðaþjónusta, menningarmál og skipulagsmál.

**Hrafn Sævaldsson, Vestmannaeyjar**

Nýsköpunar- og þróunarstjóri
 Starfsmaður: Þekkingarseturs Vestmannaeyja
 Starfsstöð: Vestmannaeyjar Strandvegur 50, 3. h.
 Netfang: hrafn@setur.is
 Sími: 861 2961
 Sérsvið: Rekstrar- og viðskiptaáætlanir, sjávarútvegur, ferðaþjónusta, nýsköpun, rannsóknir og þróun, frumkvöðlastuðningur, gerð umsókna, styrkir, klasar, Uppbyggingarsjóður Suðurlands.

**Páll Marvín Jónsson, Vestmannaeyjar**

Framkvæmdastjóri
 Starfsmaður: Þekkingarseturs Vestmannaeyja
 Starfsstöð: Vestmannaeyjar (Þekkingarsetur Vestmannaeyja)
 Netfang: pmj@eyjar.is
 Sími: 481-2696
 Sérsvið: Nýsköpun, ferðamál, menningarmál, sjávarlíffræði og rannsóknir.

**Raquel I. Díaz, Vestmannaeyjar**

Verkefnastjóri markaðs- og ferðamála
 Starfsmaður: Þekkingarseturs Vestmannaeyja
 Starfsstöð: Vestmannaeyjar, Strandvegur 50, 3. h.
 Netfang: raquel@setur.is
 Sími: 481 1111
 Sérsvið: Markaðs- og auglýsingamál, almannatengsl, samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja (e. CSR), verkefnastjórnun, ferðamál og alþjóðaviðskipti.



Þórdís Erla Ólafsdóttir, Vík

Forstöðumaður

Starfsmaður: Kötluseturs

Starfstöð: Vík (Brydebúð / Kötlusetur)

Netfang: disa@kotlusetur.is

Sími: 487 1395

Sérsvið: Uppbyggingarsjóður Suðurlands, ferðamál og menningarmál.

UPPBYGGINGARSJÓÐUR SUÐURLANDS

Markmið Uppbyggingarsjóðs Suðurlands eru eftirfarandi:

- Að styðja við verkefni sem efla fjölbreytileika atvinnulífs og jákvæða samfélagsþróun á Suðurlandi
- Að efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi
- Að styðja við atvinnuskapandi- og/eða framleiðniaukandi verkefni á Suðurlandi

Fyrirkomulag styrkveitinga til ársins 2019

Uppbyggingarsjóður Suðurlands varð til samhliða undirritun samninga við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið, um sóknaráætlanir landshluta. Sjóðurinn hefur tekið við hlutverki Menningarráðs og Vaxtarsamnings Suðurlands. Sjóðurinn er samkeppnissjóður og veitir verkefnastyrki. Sjóðurinn er fjármagnaður með samningi við ráðuneytin og með framlögum frá sveitarfélögum (áður framlög til menningarmála/menningarsamnings). Gildistími samnings um sóknaráætlanir landshluta og þar með Uppbyggingarsjóðs, er frá árinu 2015 til loka árs 2019. Núverandi fyrirkomulag og umgjörð styrkveitinga hjá SASS byggir á þeim grunni til næstu 3 ára.

Sameiginleg verkefnastjórn – tvö fagrád

Verkefnastjórn Sóknaráætlunar á Suðurlandi fer einnig með hlutverk verkefnastjórnar Uppbyggingarsjóðs Suðurlands (sjá kafla um verkefnastjórn Sóknaráætlunar). Verkefnastjórnin hefur það megin hlutverk gagnvart sjóðnum að setja sjóðnum úthlutunarreglur og framfylgja þeim. Framkvæmdin felst fyrst og fremst í að skipa tvö fagrád sem leggja mat á umsóknir sem berast til sjóðsins. Annars vegar er ráð á sviði nýsköpunarverkefna og hins vegar ráð um menningarverkefni. Fagráðin gera tillögur að úthlutun sem lagðar eru fyrir verkefnastjórn. Verkefnastjórnin tekur svo endanlega ákvörðun um úthlutanir sjóðsins að því gefnu að stjórn SASS staðfesti úthlutunina. Eftirfarandi aðilar voru skipaðir í fagráðin á vegum Uppbyggingarsjóðsins fyrir árið 2015.

Menningarverkefni - fagrád

- Aðalheiður Margrét Gunnarsdóttir, söngkona og tónlistarkennari, Fljótshlíð
- Marteinn Steinar Þórsson, kvikmyndagerðarmaður, Hveragerði
- Inga Lára Baldvinsdóttir, safnvörður á Þjóðminjasafni Íslands, Eyrarbakka

Nýsköpunarverkefni - fagrád

- Bergsteinn Einarsson, framkvæmdarstjóri Set ehf., Selfossi
- Helga Björk Ólafsdóttir, framkvæmdarstjóri leikskólans Sóla, Vestmannaeyjum
- Laufey Helgadóttir, ferðaþjónustubóndi að Smyrlabjörgum, Suðursveit

Fyrirkomulag við mat á verkefnum – aukið gegnsæi

Samhliða því að settar voru á sameiginlegar úthlutunarreglur fyrir nýsköpunar- og menningarverkefni var komið á nýju matskerfi fyrir allar umsóknir sem sjóðnum berast. Fyrirkomulagið hefur reynst vel og gagnast þeim sem sitja í fagráðunum. Nefndarfolk getur þá borið saman bækur sínar út frá

fyrirfram gefnum mælikvörðum. Slíkt eykur á skilvirkni og gegnsæi við ákvarðanatökur. Allar umsóknir fá nú einkunn sem er sameiginleg meðaleinkunn fagráðsins. Nánari upplýsingar um mælikvarðana er að finna á heimasíðu SASS.

Einn sjóður í stað þriggja áður

Sé horft til þeirra verkefna sem áður voru á hendi Atvinnuþróunarfélags Suðurlands og á vegum Menningarráðs Suðurlands, þá hafa verkefni á sviði styrkveitinga verið einfölduð til muna hjá SASS. Nú er starfræktur einn sjóður og úthlutað er úr honum tvisvar á ári. Fyrir um fjórum árum voru þrjár starfsmenn sem héldu utan um ólíkar styrkveitingar hjá þessum tveimur félögum. Styrkveitingar fylgdu ólíkum markmiðum, samningum eða áherslum og voru á mismunandi tímum ársins:

- Nýsköpunarstyrkir – Atvinnuþróunarfélag Suðurlands - í apríl
- Samstarfsverkefni - Vaxtarsamningur Suðurlands – að vori
- Samstarfsverkefni - Vaxtarsamningur Suðurlands – að hausti
- Verkefnastyrkir - Menningarráð Suðurlands – um áramót
- Rekstrarstyrkir - Menningarráð Suðurlands – um áramót

Aukin þjónusta gagnvart menningarlífi – tvær úthlutanir

Með tilkomu sjóðsins varð til einn sjóður, Uppbyggingarsjóður Suðurlands, nýsköpunar- og menningarverkefna á Suðurlandi með sameiginlegum úthlutunarreglum. Við mótnun reglana þurfti að taka tillit til samnings landshlutans um sóknaráætlanir en að öðru leyti horft til þess að verkefni sem áður hefðu talist styrkhæf, yrðu styrkhæf samkvæmt nýjum úthlutanareglum. Ekkert verkefni sem áður taldist styrkhæft var því útilokað með tilkomu sjóðsins. Almennt hafa þjónustuþegar SASS því ekki orðið varir við breytingarnar. Helsta breytingin felst í umsýslunni og þáttum sem snúa ekki beint að styrkþeganum sjálfum. Áður var styrkveitingum til menningarverkefna einungis úthlutað einu sinni á ári en nú er um sameiginlega úthlutun að ræða tvisvar á ári.

Flestar umsóknir á Suðurlandi á árinu 2015.

Um 70 m.kr. var úthlutað til 159 verkefna á síðasta ári. Alls bárust sjóðnum 307 umsóknir. Meðal fjárhæð styrkveitinga var um 500 þ.kr. Árangurshlutfall styrkveitinga var því um 52% eða sem samsvarar því að annar hver umsækjandi hafi hlotið styrk. Hlutfallið er sambærilegt og í öðrum landshlutum en landshlutinn sker sig úr í miklum fjölda umsókna. Kynjaskipting er nokkuð jöfn meðal styrkþega eða 52% styrkþega eru konur og 48% karlar.

80 m.kr. til úthlutunar á árinu 2016

Í fyrri úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands á árinu bárust sjóðnum 137 umsóknir. Styrkur var veittur 87 verkefnum og var heildar fjárhæð styrkveitinganna um 38 m.kr. Úthlutað var um 19 m.kr. til 56 menningarverkefna og um 19 m.kr. til 31 nýsköpunarverkefna. Síðari úthlutun ársins stendur yfir þegar þetta er ritað. Samtals á árinu 2016 verða til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands um 80 m.kr. Af fjármunum til menningarverkefna eru 1,5 m.kr. til komnar vegna samnings við Rarik um stuðning þeirra við menningarstarf á Suðurlandi árið 2015 og 2016. Yfirlit yfir styrkt verkefni, styrkþega og upphæðir styrkveitinga eru aðgengilegar á heimasíðu SASS.

SÓKNARÁÆTLUN 2015 til 2019

Þann 10. febrúar 2015 var skrifað undir nýja samninga um sóknaráætlanir landshluta fyrir tímabilið 2015-2019. Þar með voru sameinuð í einn samning verkefni sóknaráætlunar, vaxtarsamnings og menningarsamnings.

Sóknaráætlanir fela í sér mikla nýbreytni í opinberri stjórnsýslu þar sem verið er að færa aukna ábyrgð á útdeilingu fjármagns til landsbyggðanna. Jafnframt er verið að einfalda og láta framlög í auknum mæli taka mið af hlutlægum mælikvörðum.

Verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands

Verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands fer fyrir samningi um Sóknaráætlun landshlutans ásamt því að fara með hlutverk verkefnastjórnar eða sem úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Suðurlands.

Stjórn SASS skipar verkefnastjórnina. Þar sem verkefnastjórnin starfar einnig sem verkefnastjórn Uppbyggingarsjóðsins, mega kjörnir fulltrúar sveitarstjórna ekki vera fleiri en sem nemur 40% nefndarmanna, samkvæmt ákvæði í samningi um Sóknaráætlun við ráðuneytin. Verkefnastjórnin er í dag skipuð 5 aðilum og þar af tveimur úr stjórn SASS. Verkefnastjórnin getur verið skipuð fleiri eða færri aðilum svo lengi sem reglu þessari um hlutföll kjörinna fulltrúa er fylgt. Í upphafi árs varð sú breyting að Guðrún Hafsteinsdóttir Hveragerði gaf ekki lengur kost á sér í verkefnastjórninni og skipaði stjórn SASS Sigurð Þór Sigurðsson í hennar stað.

Verkefnastjórn Sóknaráætlunar á Suðurlandi er skipuð eftirtöldum aðilum:

- Sandra Dís Hafþórsdóttir, formaður, Sveitarfélagið Árborg
- Páll Marvin Jónsson, Vestmannaeyjar
- Runólfur Sigursveinsson, Sveitarfélagið Árborg
- Sigurður Þór Sigurðsson, Sveitarfélagið Árborg
- Bryndís Björk Hólmarsdóttir, Sveitarfélagið Hornafjörður

Lög um sóknaráætlanir


Alþingi samþykkti í júlí 2015 ný lög um byggðaaætlun og sóknaráætlanir lög nr. 69/2015. Með tilkomu þeirra hafa sóknaráætlanir verið lögfestar til framtíðar. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið kemur fram að svo framarlega sem fullnægjandi fjárveitingar fáist til verkefnisins stuðli ný lög að markvissari aðgerðum í byggðamálum og bættum árangri. Í umsögn Sambandsins er bent á að eftirfarandi umbætur felist í samningnum:

- Vandaðri langtímaáætlanagerð á landsvísu og fyrir landshlutana átta. Í stað fjögurra ára byggðaaætlunar fyrir landsbyggðina verður byggt á heildstæðri byggðaaætlun fyrir allt landið til sjö ára og landshlutaáætlunum til sama tíma.
- Meiri samhæfing milli opinberra áætlana muni leiða til betri nýtingar á opinberu fé og betri árangurs.
- Skipulagðir farvegir fyrir þverfaglegt samstarf á milli ráðuneyta um byggðamál og milli ríkis og sveitarfélaga muni gera stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga skilvirkari.
- Aukið samráð og samvinna innan landshlutanna um áætlanir og aðgerðir og meira forræði heimamanna muni stuðla markvissari aðgerðum og betri árangri í innleiðingu aðgerða.

Hlutverk og markmið sóknaráætlana

Megin hlutverk og markmið sóknaráætlana eru þrjúþætt:

1. Vinna að stefnumörkun landshlutans - að lágmarki í þeim málaflokkum sem kveðið er á um í samningi
2. Ráðstafa fjármunum til áhersluverkefna á grundvelli stefnumörkunar landshlutans
3. Úthluta styrkjum til menningar- og nýsköpunarverkefna (Uppbyggingarsjóður) á grundvelli stefnumörkunar landshlutans og opinberrar stefnumörkunar þar sem það á við



Stjórnskipulag og hlutverk

Hver landshluti hefur sitt skipulag og verklag við eftirfylgni samnings um sóknaráætlanir. Hlutverk og skipulag hefur verið skilgreint hjá SASS og er eftirfarandi:

Hlutverk stjórnar SASS:

- Skipa verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands
- Ákvarða um hlutverk samráðsvettvangs sóknaráætlunar Suðurlands
- Staðfesta úthlutanir Uppbyggingarsjóðs Suðurlands
- Samþykkja tillögur verkefnastjórnar um áhersluverkefni
- Staðfesta úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Suðurlands

Hlutverk stýrinets stjórnarráðsins:

- Stýrinet stjórnarráðsins staðfestir tillögur verkefnisstjórnar um áhersluverkefni og fer með eftirlit og umsýslu með samningnum fyrir hönd ráðuneytanna
- Stýrinetið fær verklagsreglur landshlutasamtaka um úthlutun styrkveitinga til staðfestingar

Hlutverk Byggðastofnunar:

- Byggðastofnun annast afgreiðslu framlaga samkvæmt samningi og eftir innsendum greiðslubeinum frá landshlutasamtökunum

Hlutverk verkefnastjóra Sóknaráætlunar Suðurlands:

- Verkefnastjóri annast umsýslu og framkvæmd með samningi SASS um Sóknaráætlun Suðurlands

- Verkefnastjóri annast umsýslu og framkvæmd með Uppbyggingarsjóði Suðurlands
- Verkefnastjóri framfylgir Sóknaráætlun Suðurlands og áhersluverkefnum í samvinnu við framkvæmdarstjóra og verkefnastjórn Sóknaráætlunar

Skipurit sóknaráætlunar Suðurlands:



ÁHERSLUVERKEFNI SÓKNARÁÆTLUNAR ÁRIÐ 2015

Áhersluverkefni á árinu 2015 voru sex talsins og voru eftirfarandi:

1. Verkefnastjóri menntaverkefna, 6,9 m.kr.
2. Uppbygging símenntunar á miðsvæðinu, 6,5 m.kr.
3. Menntalestin 2015, 1 m.kr.
4. Svæðisskipulag Suðurlands, 4,3 m.kr.
5. Markaðsgreining Suðurlands, 2,5 m.kr.
6. Kirkjubæjarstofa, 2,5 m.kr.

1. Verkefnastjóri menntaverkefna

Verkefnið var unnið af Kristínu Hreinsdóttir og lauk um mitt ár 2015. Eitt undirverkefna var starfamestan á Suðurlandi sem haldin var í húsnæði fjölbrautaskólans á Selfossi, skýrslan „Tækifæri - hvers konar þekking á sviði verk- og tæknigreina styrkir stöðu einstaklinga á vinnumarkaði á Suðurlandi og mætir þörfum atvinnulífs?“ sem kom út í nóvember 2014. Undanfari þessa verkefnis var skýrslan „Efling samstarfs mennta- og fræðastarfs á Suðurlandi“ sem var einnig leiðarvísir þess starfs sem var unnið að miklu leyti. Staða: Verkefni lokið.

Ýmsar tillögur komu fram í þessum tveimur skýrslum sem enn er tekið mið af við þróun tillagna að áhersluverkefnum á sviði menntamála.

2. Uppbygging símenntunar á miðsvæðinu

Verkefninu lauk um síðustu áramót. Um var að ræða þriggja ára átaks- og uppbyggingarverkefni á miðsvæðinu. Verkefnið hefur verið fjármagnað af sóknaráætlun á þessu tímabili fyrir um 20,1 m.kr. Árangur af verkefninu er sýnilegur í fjölda þeirra sem sækja og stunda nám á svæðinu. Verkefnið var í raun þriðjætt; það er ráðning verkefnastjóra á svæðinu, uppbygging á aðstöðu og aukningu framboðs námsleiða á svæðinu og í einhverjum tilvikum niðurgreiðsla á námskeiðskostnaði. Í dag er aðstaðan til fyrirmyndar á hvorum stað, framboð ágætt og notkun á aðstöðunni töluverð. Staða: Verkefni lokið.

Fræðslunetið hefur lagt fram framtíðarsýn um áframhaldandi starfssemi á svæðinu, sem felur í sér ráðningu verkefnastjóra í Skaftárhreppi, en starfsmaður er í 50% starfi í Vík í dag. Má segja að uppbyggingin væri að öllu leyti komin til framkvæmda ef af því yrði.

3. Menntalestin

Um var að ræða samstarfsverkefni með Háskóla Íslands og rekstur háskólalestarinnar um Suðurland til kynningar á háskólanámi. Verkefnið var í raun unnið í lok árs 2014. Staða: Verkefni lokið.

Samkvæmt þeim skýrslum sem gerðar hafa verið er megin áherslan fremur á verknám fremur en háskólanám og því var talið nauðsynlegt kynna verknám betur. Segja má að starfamestan hafi að ákveðnu leyti komið í stað þessa verkefnis.

4. Svæðisskipulag Suðurlands

Um var að ræða vinnu við athugun á hvort og hvernig vinna mætti svæðisskipulag fyrir Suðurland, ef vilji sveitarstjórnanna væri til þess. Niðurstaðan ársþings SASS 2015 var að fara ekki í þá vinnu að svo stöddu en vinna að ýmiss konar kortagerð sem gæti nýst með sambærilegum hætti og gæti legið til grundvallar við svæðisskipulagsgerð verði ákveðið að fara í þá vinnu síðar. Staða: Verkefni lokið.

Verkefnið hefur nú þróast í annað verkefni, verkefnið „Kortagrunn Suðurlands“ (áður nefnt „Atlas – kortasjá“).

5. Markaðsgreining Suðurlands – I hluti

Verkefnið var unnið af Markaðsstofu Suðurlands í samstarfi með Manhattan markaðsráðgjafafyrirtæki. Samstarfsaðilar í verkefninu er allir þeir sem koma að ferðamálum hjá sveitarfélögunum á Suðurlandi ásamt SASS. Verkefnið snýr að því að greina styrkleika Suðurlands í samanburði við markhópagreiningar og vinna þannig að sérhæfðu markaðsefni fyrir Suðurland í heild sinni og einstök svæði innan Suðurlands. Niðurstaðan á að nýtast öllum þeim sem koma að markaðsstarfi ferðamála á Suðurlandi, s.s. sveitarfélaga, ferðamálafulltrúa o.fl. aðila. Staða: Verkefni lokið.

Vinna við I. hluta verkefnisins er lokið og II. hluti verkefnisins er nú á lokastigum.

6. Kirkjubæjarstofa

Verkefnið snýr að uppbyggingu þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri. Unnið hefur verið að uppfærslu á skýrslu um þarfagreiningu þess.

Megin markmið verkefnisins eru:

- Að vinna að framtíðarrekstrargrunni Kirkjubæjarstofu. Tryggja framtíð starfseminnar með því að komast á föst fjárframlög.
- Að vinna að uppbyggingu og þróun nýs þekkingarseturs. Vinna markvisst að því í samvinnu með öllum hagsmunaaðilum að koma nýju þekkingarsetri aftur á framkvæmdaáætlun stjórnvalda.

Staða: Von er á lokaskýrslu.

ÁHERSLUVERKEFNI SÓKNARÁÆTLUNAR ÁRIÐ 2016

Á árinu 2015 vann samráðsvettvangurinn að mótun stefnu fyrir Sóknaráætlun Suðurlands 2015 til 2019. Boðaðir voru 40 fulltrúar sem tilnefndir voru af sveitarfélögum á Suðurlandi. Með rétttri samsetningu hópsins átti að tryggja breiða aðkomu sveitarstjórna, stofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í landshlutanum og að teknu tilliti til aldurs- og kynjasamsetningu. Unnið var í hópavinnu að framtíðarsýn fyrir Suðurland og megin áherslum til næstu ára. Afraksturinn var stefnumörkun landshlutans til ársins 2020. Það skjal er leiðarvísir við mótun verkefna og til viðmiðunar við val og fjármögnun áhersluverkefna.

Megin áherslur Sóknaráætlunar Suðurlands til 2020:

- Auka samvinnu á milli sveitarfélaga í sem flestum málefnum
- Vinna að heildrænni kortlagningu á náttúru, mannauði og menningu á Suðurlandi og draga fram sérstöðu einstakra svæða
- Skapa jákvæða ímynd af Suðurlandi sem byggir á gæðum og hreinleika
- Vinna að umhverfisvakningu með sjálfbærni að leiðarljósi og auka sjálfbæra nýtingu á orku og auðlindum
- Hækka menntunarstig á Suðurlandi með eflingu framboðs og aðgengis að menntun í heimabyggð

Auka fjölbreytni í atvinnulífi, mannlífi, menningu og menntun

Sjá nánari upplýsingar um stefnumörkun landshlutans á heimasíðu SASS.

Alls hafa verið staðfest 12 áhersluverkefni á árinu 2016 fyrir samtals 30 m.kr. Verkefnin eru eftirfarandi:

1. Ráðstefna ungmennaráða á Suðurlandi - gerð kynningarefnis/handbók; 1 m.kr.
2. Starfamessa 2017; 6 m.kr.
3. Sunnlenskar vörur - sameiginleg markaðssetning (1. áfangi); 2 m.kr.
4. Strætó - markaðsgreining og kynning; 2 m.kr. en auk þess veitti Vegagerðin 6 m.kr. í verkefnið.
5. Svæðisleiðsögn á Suðurlandi; 1,5 m.kr.
6. Atvinnuskapandi nemendaverkefni; 4 m.kr.
7. Suðurland - sjálfbært samfélag; 0,5 m.kr.
8. Kortavefur Suðurlands (Atlas kortasjá); 4 m.kr.
9. Skaftárhreppur til framtíðar (Brothætt byggð í Skaftárhreppi); 3 m.kr.
10. Framtíð háskólamenntunar á Suðurlandi – málþing; 0,75 m.kr.
11. Greining á fjarnámsþörf á Suðurlandi; 3 m.kr.
12. Markaðsgreining Suðurlands, 2. áfangi; 2,25 m.kr.

Verkefnin eru tilkomin sem tillögur frá stjórn SASS, síðasta ársþings, frá vinnufundi samráðsvettvangs sóknaráætlunar eða innsendar tillögur af vef SASS.

Megin vinnan í tillögugerð verkefna byggir á fundi samráðsvettvangs sóknaráætlunar á Suðurlandi sem haldinn var 12. apríl sl. Megin markmið fundarins að þessu sinni var að vinna að tillögum að áhersluverkefnum sem uppfylltu markmið og stefnumörkun landshlutans, sem fulltrúar samráðsvettvangsins unnu að á síðasta ári og ársþing SASS staðfesti sl. haust. Á fundinum komu fram 132 tillögur

að áhersluverkefnum eða aðgerðum. Verkefnastjórn flokkaði tillögurnar og unnu ráðgjafar á vegum SASS að nánari útfærslu á þeim verkefnum. Sum þeirra verkefna eru nú þegar komin til framkvæmdar og eru að finna í upptalningunni hér að ofan og áfram verður unnið að mótun frekari verkefna á þeim grunni á næstu árum.

1. Ráðstefna ungmennaráða á Suðurlandi

Ungmennaráð Árborgar ásamt starfsmanni sveitarfélagsins leitaði eftir stuðningi frá SASS um aðkomu samtakanna að öflugri ráðstefnu ungmennaráða á Suðurlandi sem þau stefndu á að halda haustið 2016. SASS tók vel í verkefnið og fól ráðgjafa að vinna með ungmennaráði Árborgar að undirbúningi þess. Ungmennaráðið sótti um styrk til Evrópu unga fólksins (EUF) og fékk styrk sem var grunnforsenda þess að halda ráðstefnuna.



Verkefnastjóri lagði til að verkefnið væri kjörið verkefni í sóknaráætlun Suðurlands og óskaði eftir því að það væri eitt af áhersluverkefnum Suðurlands. Þannig væri hægt að styðja við verkefnið og þá lokaafurð sem stefnt var að gera. En stefnt var að því að gera handbók og kynningarmyndband um ungmennaráð fyrir alla þá sem vilja kynna sér hvað ungmennaráð er og hvað það getur gert fyrir sitt nærsamfélag.

Ráðstefna ungmennaráða á Suðurlandi fór fram í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli dagana 28. – 29. september síðast liðinn. Þar komu saman fulltrúar ungmennaráða á Suðurlandi og starfsmenn þeirra frá þeim sveitarfélögum sem halda úti ungmennaráði. Einnig mættu á ráðstefnuna ungmenni frá sveitarfélögum sem eru ekki búin að stofna ungmennaráð. Fyrri dagurinn var vinnudagur unga fólksins en ráðstefnan sjálf fór fram þann 29. september. Forseti Íslands setti ráðstefnuna. Þingmenn Suðurlands voru boðaðir og tveir fulltrúar frá hverju sveitarfélagi á Suðurlandi mættu ásamt embættismönnum, þ.e. starfsfólki málaflokksins hjá sveitarfélögunum. Þessir góðu gestir mættu til móts við unga fólkið til að eiga samtali um aðkomu þeirra að sem flestum málefnum í sunnlenskum sveitarfélögum. Helstu markmið ráðstefnunnar voru eftirfarandi:

- Að virkja og styðja við ungmennaráð á svæðinu
- Að sveitarstjórnir sjái hin miklu tækifæri sem fylgja öflugri starfi ungmennaráða
- Að hvetja þau sveitarfélög sem hafa ekki nú þegar ungmennaráð hugi að stofnun þess
- Að finna leiðir til að einfalda aðkomu ungs fólks að ákvörðunartökuferlinu og auka áhuga þeirra á því ferli
- Að huga að gagnabanka/handbók/verkfæri fyrir ungmennaráð á svæðinu þar sem finna má hagnýtar upplýsingar, ábendingar og góðar leiðir til að koma vinnu sinni á framfæri
- Að stíga fyrstu skrefin að markvissu samtali á milli ungs fólks og sveitarstjórna á öllu Suðurlandi um mikilvæg málefni sem tengist öllu svæðinu

Ráðstefnan var mjög vel sótt en um 150 manns sóttu hana. Ungt fólk á Suðurlandi hafði skýra sýn á hlutina og þegar niðurstöður hópavinnunnar var tekin saman var ljóst að allir hóparnir voru með mjög svipaða samantekt, en helstu áherslumál þeirra voru m.a. eftirfarandi:

- Samgöngur – veghald, snjómokstur og öryggi vega
- Strætóferðir – fjöldi ferða og kostnaður
- Skólamál – aðgengi að skóla í heimabyggð, fjarnám og mötuneyti í FSu
- Húsnæðismál – heimavist fyrir nemendur, vöntun á íbúðarhúsnæði á öllu Suðurlandi
- Geðheilbrigði og heilsugæsla – aðgengi að sérfræðingum, læknum og heilsugæslu
- Aukin samvinna ungmennaráða á Suðurlandi t.d. með stofnun ungmennaráðs Suðurlands
- Sveitarfélög sem ekki hafa ungmennaráð hvött til að stofna ungmennaráð og nýta ráðstefnuna sem fyrsta skrefið í slíku starfi.
- Gerð handbókar og kynningarmyndbands sem yrði öllum aðgengilegt um ungmennaráð.

Verkefnisstjóri er Guðlaug Ósk Svansdóttir ráðgjafi á vegum SASS.

2. Starfamessa 2017

Vorið 2015 var haldin svokölluð Starfamessa fyrir nemendur 9. og 10. bekkjar grunnskóla og fyrir nemendur á 1. og 2. ári í framhaldsskólum á Suðurlandi þar sem fjölbreytt fyrirtæki í iðn-, verk- og tæknigeiranum á Suðurlandi kynntu störf sín. Viðburðurinn var áhersluverkefni á vegum Sóknaráætlunar Suðurlands og þótti vel heppnaður. Í framhaldi var ákveðið að halda samskonar viðburð annað hvert ár.

Nú er hafinn undirbúningur fyrir næstu Starfamessu sem fyrirhuguð er í vikunni 13. – 17. mars 2017 og er áhersluverkefni á vegum sóknaráætlunar. Markmið verkefnisins er að vekja



áhuga nemenda á iðn-, verk- og tæknigreinum. Eitt af lykilmarkmiðum Starfamessunnar er einnig að efla samtal skóla og atvinnulífs og að heimsókn nemenda á Starfamessuna veki þau til umhugsunar um þá möguleika sem iðn-, verk- og tækninám hefur upp á að bjóða þegar hugað er að atvinnumöguleikum á svæðinu til framtíðar.

Verkefnisstjóri er Ingunn Jónsdóttir ráðgjafi á vegum SASS.

3. Sunnlenskar vörur – sameiginleg markaðssetning

Markmið verkefnisins er að gera sunnlenskri framleiðslu hátt undir höfði með því að þjappa framleiðendum betur saman og styðja við sunnlenskar vörur með því að búa til umgjörð utan um og skapa söluvettvang fyrir hvers konar framleiðslu frá svæðinu.

Markmiðið er að búa til vettvang til að koma sunnlenskum vörum á framfæri, bæði innan svæðisins sem og við gesti með því að gera vörunar sýnilegar, aðgengilegar og auðfengnar á þeim stöðum sem gestir svæðisins heimsækja.

Ávinningur er helst sá að verkefnið styður við litla framleiðendur, bæði á sviði matvæla, handverks og lista til að koma vörum sínum til kaupenda og um leið heildar yfirsýn yfir sunnlenskar vörur og eflir þar með atvinnu á svæðinu öllu.

Hugmyndin er að vinna að sameiginlegu markaðs- og kynningarstarfi framleiðenda. Fyrsti áfangi verkefnisins felst í samráði við framleiðendur, hugmyndavinnu og stefnumörkun. Mikil tækifæri eru talin felast í ýmskonar framleiðslu og sölu afurða, þá sérstaklega með ferðamenn í huga. Tækifæri felast í að hagnýta þann vöxt sem er að eiga sér stað til uppbyggingar í framleiðslu.

Verkefnisstjóri er Þorsteinn G. Hilmarsson ráðgjafi á vegum SASS.

4. Strætó – markaðsgreining og kynning

SASS tók við rekstri almenningssamgangna á Suðurlandi árið 2011. Þjónustan hefur gengið vel en árið 2015 dróst farþegafjöldinn saman um u.þ.b. 10% m.v. árið 2014. Nokkur aukning hefur verið í fjölda farþega sem fara í lengri og dýrari ferðir og þá sérstaklega yfir sumarmánuðina. Veruleg fækkun hefur verið á fjölda farþega yfir vetrarmánuðina sem eru m.a. nemendur í Fjölbrautarskóla Suðurlands. Breyting á afgreiðslu ferðastyrks LÍN til nemenda getur mögulega skýrt að hluta til samdrátt í farþegafjölda en mikilvægt er að kanna betur þessa fækkun.

Mikil tækifæri liggja í að bæta nýtinguna á ferðum á milli Suðurlands og Reykjavíkur og þá sérstaklega frá nærsvæði Reykjavíkur þ.e. frá Árborgarsvæðinu, Ölfus, Hveragerði og Þorlákshöfn.

Almenningssamgöngur á Suðurlandi ná yfir stórt landsvæði sem hafa m.a. því hlutverki að gegna að bæta umferðaröryggi, þjónustu við íbúa og fyrirtæki. Íbúar verða að eiga þann kost að geta ferðast á milli staða á ódýran, öruggan og umhverfisvænan máta.

Íbúar á framhaldskólaaldri eru þar einn stærsti hópurinn en það er mikilvægt að stuðla að góðu aðgengi þeirra að menntastofnunum á Suðurlandi og einnig þeirra sem sækja menntun lengra t.d. til Reykjavíkur.

Kanna verður með hvaða hætti framhaldskólanemendur ferðast til og frá skóla. Kannaðar verða helstu ástæður þess að almenningssamgöngur eru almennt ekki meira notaðar. Almennings-samgöngur eru mun öruggari ferðamáti, og þá helst hjá ungum ökumönnum, yfir vetrarmánuðina en einnig fyrir íbúa sem sækja vinnu m.a. á höfuðborgarsvæðið og þurfa að ferðast yfir Hellisheiðina.

Gerð verður könnun á meðal íbúa á Suðurlandi sem eru 18 ára og eldri um ferðahegðun til og frá vinnu, námi og tómstundum. Til að nálgast þennan hóp verður meðal annars stuðst við þjónustu markaðsrannsóknarfyrirtækis sem mun leggja fyrir þennan hóp spurningar.

Auk þess verða spurningar sendar beint á nemendur með póstlistum framhaldsskólanna á Suðurlandi til að fá ítarlegri svör. Spurningar verða einnig lagðar fyrir rýnihópa sem verða samsettir af nemendum á framhaldsskólastigi frá 4-5 svæðum innan Suðurlands. Brugðist verður við niðurstöðunum með aðgerðaráætlun sem verður í formi fræðslu og kynningarefnis.

SASS sótti um styrk til Vegagerðarinnar um þróunarverkefni á sviði almenningssamganga á Suðurlandi með áherslu á rannsóknir, öryggismál, kynningar- og markaðsmál. Verkefnið er unnið með sérstaka áherslu á framhaldskólanemendur á Suðurlandi en úrtakið verður, íbúar 18 ára og eldri á Suðurlandi. Styrkveiting fékkst frá Vegagerðinni (6 m.kr.) til verkefnisins en til viðbótar var lagt fé til verkefnisins í formi áhersluverkefnis (2 m.kr.) til að auka líkur á árangri þess, sérstaklega með því að auka við fjölda birtinga í markaðssetningu Strætó út frá niðurstöðu markaðsrannsóknarinnar.

Verkefnisstjóri er Raquel Isabel Días ráðgjafi á vegum SASS.

5. Svæðisleiðsögn á Suðurlandi

Svæðisbundin leiðsögn á Suðurlandi er 23 eininga nám (264 kest.) sem veitir réttindi til að sinna leiðsögn á Suðurlandi. Námið er haldið í samvinnu við Leiðsöguskóla MK sem fara yfir öll próf og votta einingar og bera faglega ábyrgð á náminu. Einnig er það haldið í samvinnu við Farskólann, miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra og Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Eru almennir þættir námsins kenndir að einhverju leiti í samvinnu við þá og sendir út í fjarkennslu. Verkefnið stuðlar að og er símenntun í einni tiltekinni atvinnugrein, en veitir einnig víðtæka almenna þekkingu á Suðurlandi, menningu, sögu og náttúruferjum og styrkir þannig mannauðinn á svæðinu.

Megin markmið verkefnisins eru:

- Að mennta fólk til að sinna svæðisbundinni leiðsögn á Suðurlandi.
- Að undirbúa fólk undir að öðlast full réttindi sem leiðsögumenn (1. hluti leiðsögunáms).
- Ávinningur er: starfsréttindi í svæðisbundinni leiðsögn á Suðurlandi.

Verkefnið er liður í að auka framboð fjarnáms á framhalds- og háskólastigi, en námið er á mörkum þessara stiga og verður að stórum hluta kennt í fjarnámi frá Selfossi á Hellu/Hvolsvöll, Vík, Klaustur og Höfn.

Verkefninu er einnig ætlað að bæta samkeppnishæfni ferðaþjónustufyrirtækja þar sem það eykur fagþekkingu innan fyrirtækjanna og eflir þau þannig til að veita viðskiptavinum sínum betri þjónustu.

Hærra menntunarstig innan ferðaþjónustunnar er mikilvægt markmið fyrir allt Suðurland. Hinn öri vöxtur ferðaþjónustunnar kallar á skjót viðbrögð fræðsluaðila til að bregðast við mikilli eftirspurn eftir fræðslu og aukinni fagþekkingu í atvinnugreininni. Leiðsögumenn gegna lykilhlutverki í að kynna svæðið fyrir ferðamönnum og mikilvægt að það sé gert vel og að fagþekking sé til staðar þegar upp koma erfiðar aðstæður, s.s. þegar slys ber að höndum eða náttúruhamfarir.

Árangur af verkefninu verður helst metinn út frá þeim fjölda menntaðra (með réttindi) leiðsögumanna hjá ferðaþjónustufyrirtækjum í dag samanborið við fjölda þeirra eftir að verkefni lýkur. Einnig mætti meti árangur verkefnisins út frá gæðum í veittri þjónustu á svæðinu.

Samskonar verkefni hafa einnig hlotið stuðning sóknaráætlana á Vestfjörðum og á Norðurlandi. Stuðningur við verkefnið skilar sér sem niðurgreiðsla á námskeiðsgjöldum, þannig að fleiri sækir sér þekkingu og kunnáttu til atvinnusköpunar í heimabyggð.

Verkefnisstjóri er Sólveig R. Kristinsdóttir kennari og náms- og starfsráðgjafi hjá Fræðslunetinu.

6. Atvinnuskapandi nemendaverkefni á Suðurlandi

Atvinnuskapandi nemendaverkefni á Suðurlandi er eitt áhersluverkefni sóknaráætlunar og ætlað að hvetja til samstarfs milli nemenda og fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga. Nemendur vinna raunhæf verkefni, til dæmis lokaverkefni, með það að markmiði að vinnan leiði til atvinnu- og eða nýsköpunar á Suðurlandi. Mikilvægi samstarfs milli nemenda og atvinnulífs hefur verið mikið í umræðunni undanfarið og er verkefnið liður í að hvetja til þess samstarfs.

Framkvæmdin er þannig að hugmyndum að verkefnum er deilt með markvissum hætti, oftast til nemenda frá fyrirtækjum, sveitarfélögum eða stofnunum á Suðurlandi.



Nemendur geta þó einnig lagt fram hugmyndir að verkefnum.

Markmið Atvinnuskapandi nemendaverkefna er að:

- Að auka vægi nemendaverkefna er lúta að atvinnuuppbyggingu á Suðurlandi.
- Að auka samvinnu og tengingu nemenda við fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Suðurlandi.
- Að verkefnin leiði til atvinnuuppbyggingar, aukinnar framlegðar, bættrar þjónustu eða útvíkkunar á starfsemi eða þjónustu á Suðurlandi.
- Að nemendur kynnist starfsumhverfi fyrirtækja og stofnana á Suðurlandi.
- Að nemendum gefist frekari tækifæri á að ráðast til vinnu að lokinni útskrift.
- Að til verði verkfæri fyrir hagsmunaaðila á Suðurlandi til að koma hugmyndum af stað fyrstu skrefin með aðstoð nemenda.

Verkefninu er stýrt af SASS og opnað hefur verið svæði á www.sass.is þar sem fyrirtæki geta lagt inn hugmyndir af verkefnum sem þau vilja láta vinna og nemendur geta sótt um styrk til að vinna að verkefnunum.

Matsnefnd fer yfir umsóknir um verkefni og leggur mat á hvort þær uppfylli skilyrði til styrks.

Matsnefnd horfir til eftirfarandi atriða:

- Hversu mikla sunnlenska tengingu/áhrif hefur verkefnið
- Hvernig verður samvinnu milli nemanda og fyrirtækis háttað
- Hversu líklegt er að verkefnið leiði af sér atvinnu- og/eða nýsköpun

Ekki verður um neina sérstaka umsóknarfresti að ræða heldur eru styrkumsóknir teknar til meðferðar jafnóðum og þær berast í gegnum umsóknarform á heimasíðu SASS.

Sunnlensk fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög eru hvött til þess að setja inn verkefnahugmyndir á vef SASS.

Verkefnisstjóri er Hrafnkell Guðnason ráðgjafi á vegum SASS.

7. Suðurland – sjálfbært samfélag

Ein megin áherslan í sóknaráætlun Suðurlands er að „vinna að umhverfisvakningu með sjálfbærni að leiðarljósi og auka sjálfbæra nýtingu á orku og auðlindum“. Ákveðið var að sækja ráðgjöf til sérfræðings í umhverfismálum og að þróa þetta verkefni frekar sem áhersluverkefni.

Elísabet Björney Lárusdóttur var fengin til að vinna að greiningu og tillögugerð. Sú tillögugerð liggur nú fyrir í skýrslu sem nálgast má á heimasíðu SASS. Unnið er nú að mótun frekari tillagna út frá þeirri vinnu og munu þær tillögur koma fyrir verkefnastjórn Sóknaráætlunar á næstu dögum.

Bornir eru saman ólíkir kostir svokallaðra umhverfisstaðla og í greinargerð kom m.a. fram lýsing á einu verkefni sem SASS gæti beitt sér fyrir til að auka sjálfbærni á Suðurlandi. Í Sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019 kemur fram framtíðarsýn fyrir landshlutann sem byggir á eftirfarandi gildum: *Mannauður, náttúra og samtaka kraftur*. Framtíðarsýnin felur í sér fjölbreytt atvinnulíf, mannlíf og menningu, Suðurland sem laðar að íbúa og gesti, hvetjandi umhverfi til menntunar, rannsókna og þróunar og atvinnusköpun sem byggir á sjálfbærri nýtingu á auðlindum landshlutans

Í skýrslunni eru taldar upp fáeinar leiðir sem taldar eru fýsilegar fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi. Fyrst er fjallað um ákveðna staðla sem vinnan við Sjálfbært Suðurland getur byggt á og ólíkir staðlar bornir saman. Þessu næst er fjallað um Suðurland sem matarsvæði í tengslum við sjálfbærni enda er framleiðsla matvæla helsta einkenni landshlutans.

Elísabet Björney Lárusdóttir er menntaður rafmagnstækniþráttur, B.Sc. frá HR, með meistaraþróf í umhverfis- og auðlindafræði, M.Sc. frá HÍ, umhverfisstjórnun M.Sc. frá Álaborgarháskóla og IPMA level D verkefnastjórnun. Elísabet er sjálfstætt starfandi ráðgjafi og hefur unnið verkefni á borð við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, innleiðingu umhverfisstjórnunarferða fyrir fyrirtæki, haldið umhverfisþing og vinnustofur og vinnur að stefnumótun fyrir umhverfismál í Bláskógabyggð. Eins hefur hún síðastliðna tvo vetur unnið sem stundakennari í orkutækniþrátt við Háskóla Íslands og kennt orkuhagfræði fyrir nemendur á lokaári.

Elísabet Björney Lárusdóttir var verkefnisstjóri verkefnisins.

8. Kortavefur Suðurlands (Atlas kortasjá Suðurlands)

SASS hefur verið að vinna að verkefninu *Kortavefur Suðurlands* fyrir allt Suðurland sem eitt af áhersluverkefnum í Sóknaráætlun Suðurlands. Verkefnið hefur 3ja manna verkefnisstjórn og verkefnastjóra á vegum SASS.

Verkefnið er framhaldsverkefni frá skoðun SASS á áhuga sveitarfélaganna á Suðurlandi að gera svæðisskipulag fyrir allt Suðurland. Sveitarfélögin höfnuðu því að gera svæðisskipulag en vildu vinna áfram ákveðna kortagerð með helstu auðlindum og ákveðnum gögnum tengdum sögu, menningu og listum fyrir allt Suðurland. Þá var mikil áhersla lögð á þekjur sem tengjst ferðaþjónustu.

Verkefnið Kortavefur Suðurlands snýst um að safna saman kortaþekjum inn á sameiginlegt svæði sem er aðgengilegt öllum og án sveitarfélaga- og sýslumarka. Sveitarfélögin á Suðurlandi taka þátt í verkefninu með því að vera aðilar að Kortasjá sveitarfélaganna og í gegnum SASS. SASS stýrir gagnaöflun og umgjörð Kortavefsins í samstarfi við sveitarfélögin og aðrar stofnanir á Suðurlandi. Verkefnið er á frumstigi og verður kynnt sveitarstjórnarfólki á Suðurlandi á næsta misseri og í samvinnu með sveitarstjórnarfólkinu verða næstu skref mótuð, þ.e. hvaða kortaþekjur og gögn fólk vill sjá á Kortavef Suðurlands.

Mikið er til af fyrirbyggjandi gögnum og eru þó nokkuð af þeim nú þegar beintengt inn á Kortavefinn og má þar nefna:

- Landgræðsluna
- Skipulagsstofnun
- Landsnet
- Landssamband hestamanna
- Minjastofnun
- Samgöngustofu
- Vatnajökulsþjóðgarð, Þingvelli, Kötlu jarðvang og önnur afmörkuð svæði
- Orkustofnun
- Fornminjar
- Ferðamálstofu

Einnig eru til ýmis fyrirbyggjandi göng sem sveitarfélögin hafa unnið sér eða í samvinnu sem má gjarnan nýta og hafa í Kortasjá Suðurlands, má þar nefna kortlagningu hjóla- og gönguleiða, fugla-skoðunarsvæði og fl. Auk þess er mikið af gögnum í aðalskipulögum sveitarfélaganna sem má nálgast og gera aðgengileg á vefnum t.d. auðlindir sveitarfélaganna; lóðir, námur, vatn, orka og land.

Verkefnisstjóri er Guðlaug Ósk Svansdóttir.

9. Skaftárhreppur til framtíðar (Brothættar byggðir)

Verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar hófst árið 2013. Þá var meðal annars haldið íbúabing þar sem leidd voru fram þau atriði sem íbúar vildu leggja áherslu á og töldu mikilvæg til að byggð eflist og dafnaði. Verkefnið er samstarfsverkefni Skaftárhrepps, SASS og Byggðastofnunar.

Fyrri hluta árs 2015 tók verkefnisstjóri til starfa en hann starfar í umboði verkefnisstjórnar sem heldur utan um verkefnið.

Samhliða skipulagsbreytingum hjá SASS fluttist verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar og þar með starfsmaður þess yfir til Kirkjubæjastofu. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu Byggðastofnunar (www.byggdastofnun.is).

Verkefnisstjóri þess er Eirný Valsdóttir en fyrir hönd SASS í verkefnastjórn situr Guðlaug Ósk Svansdóttir ráðgjafi á vegum SASS.

10. Málþing um framtíð háskólanáms á Suðurlandi

SASS stóð fyrir málþingi um framtíð háskólastarfsemi á Suðurlandi 26. apríl sl. á Hótel Selfossi. Til málþingsins var boðið rektorum háskólanna sjö á Íslandi, þingmönnum Suðurlandskjördæmis auk mennta- og menningarmálaráðherra. Málþingið var opið almenningi og sveitarstjórnarfólki á Suðurlandi.

Sunnlendingar voru með framsögu um væntingar þeirra til háskólastarfsemi í landshlutanum en síðan var um 10-15 mínútna innlegg frá hverjum háskóla um það hvernig skólinn geti þjónustað Suðurlandi í framtíðinni. Þá var innleggi frá fulltrúum þingmanna kjördæmisins auk fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Í lok málþingsins var opnað fyrir fyrirspurnir og umræður. Á málþingið komu tæplega 50 fundargestir og þótti það takast mjög vel.

Verkefninu er lokið og leiddi það meðal annars af sér þá þróun mála sem lýst er í verkefninu um greiningu á fjarnámsþörf á Suðurlandi.

Verkefnisstjóri verkefnisins var Sigurður Sigursveinsson ráðgjafi á vegum SASS.



11. Greining á fjarnámsþörf á Suðurlandi

Fyrirsvarsmenn HÍ og HfSu hittu stjórn SASS á fundi í byrjun september sl. og skiptust á skoðunum við stjórn samtakanna um hvernig helst mætti efla aðgengi að háskólanámi á Suðurlandi. Á fundinum lögðu fulltrúar HfSu og SASS fram minnisblað með tillögu að nánara samstarfi við HÍ. Tillagan gengur út á að HÍ, HfSu og SASS standi sameiginlega að könnun á eftirspurn eftir fjarnámi á háskólastigi á

Suðurlandi, annars vegar meðal almennings og hins vegar meðal stjórnenda fyrirtækja. Gert er ráð fyrir að Félagsvísindastofnun HÍ sjá um könnunina og að niðurstöður liggi fyrir í árslok. Jafnframt standi þessir aðilar sameiginlega að markaðssetningu og kynningu á námsframboðinu. Stjórn og gestir voru sammála um að gera könnun og í framhaldi af því að hittast á fundi til að fara yfir niðurstöðurnar. Í ljósi niðurstaðna úr könnuninni gæti Háskólinn hafið fjarnám í völdum greinum á haustönn 2017.

Verkefnisstjóri er Sigurður Sigursveinsson ráðgjafi á vegum SASS.

12. Markaðsgreining Suðurlands

Um er að ræða framhaldsverkefni unnið af Markaðsstofu Suðurlands. Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að leggja grunn að miðaðri og samhæfðri markaðssetningu á áfangastaðnum Suðurlandi, byggt á upplýsingum og greiningum og eftir aðferðafræðum markaðsfræðinnar. Þá er einnig megin markmið verkefnisins að fá ferðamenn til að ferðast lengra, dvelja lengur og skilja meiri tekjur eftir sig á svæðinu með miðaðri markaðssókn með áherslu á þá markhópa sem við viljum laða til okkar og eru líklegir til að gera slíkt.

Síðustu ár hefur verið gripið til fjölmargra markaðsaðgerða til að laða ferðamenn, bæði innlenda og erlenda m.a. yfir vetrarmánuðina sem hafa skilað góðum árangri þar sem sífellt fleiri ferðamenn kjósa að heimsækja landshlutann heim allt árið um kring. Liggja tækifæri í því að greina betur þá markhópa sem við viljum laða til okkar, ekki síst til þess að meiri tekjur verði eftir inn í landshlutanum. Til að svo megi verða er mikilvægt að vinna ákveðna grunnvinnu; greina markhópa, styrkleika svæðisins, samkeppni og aðra þætti sem eru mikilvægir til að áframhaldandi markaðssókn sé markviss og miðuð að þeim ferðamönnum sem við viljum laða til okkar og að markmið og árangur eru skilgreind og mæld. Slík greining hefur ekki verið unnin fyrir Suðurland til þessa.

Byggt á þessum greiningum er svo gerð markaðsáætlun fyrir áfangastaðinn Suðurland, gerð er stefnumiðuð markaðsfærsla og markaðssamskipti eru samhæfð í samvinnu við helstu hagsmunaaðila á svæðinu. Þær kannanir sem Markaðsstofan hefur gert hefur bent til þess að helstu áskoranir sem svæðið stendur frammi fyrir eru lengd dvalar og dreifni ferðamanna um svæðið ásamt því að það gestirnir skili meiri tekjum inná svæðið. Því er mikilvægt að fjárfesting þeirra aðila sem koma að því að markaðssetja og kynna ferðaþjónustuna á svæðinu sé byggt á greiningum sem miða að því að ná fram árangri er varða þessa þætti. Svo virðist sem fáar markaðsgreiningar verið gerðar fyrir svæðið sem heild sem liggja til grundvallar allri fjárfestingu í markaðsaðgerðum.

Markmið verkefnisins eru:

- Gera markaðsgreiningu sem Markaðsstofan ásamt helstu samstarfsaðilum geta nýtt sér sem grunn að áætlun í sinni markaðssókn
- Fá ferðamenn til að dvelja lengur og ferðast víðar um landshlutann og skila þar með meiri tekjum á Suðurland
- Leggja grunn að samhæfðri markaðsáætlun fyrir Suðurland byggt á greiningum skv. aðferðafræði markaðsfræðinnar
- Auka þar með arðsemi fjárfestinga þessara hagsmunaaðila í markaðsmálum
- Leggja þar með grunn að skiptingu verkefna/áherslum í markaðsmálum milli aðila sem koma að stoðþjónustu við ferðaþjónustuna í landshlutanum og bæta þar með nýtingu fjármagns sem varið er til markaðssetningar á áfangastaðnum Suðurlandi

Verkefnisstjóri er Dagný Hulda Jóhannsdóttir ráðgjafi á vegum SASS.

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

SASS tók við rekstri almenningsgangna fyrir tæpum fimm árum. Reksturinn var strax í jafnvægi fyrsta árið og farþegum fjölgaði næstu árin. Á árinu 2013 var farþegafjöldinn tæplega 190 þúsund og gekk reksturinn það vel að hægt var að auka þjónustuna.

Á árinu 2014 var 9% aukning og heildar farþegafjöldi 204.446. Árið 2014 var reksturinn í járnum og skilaði um 2 m.kr. rekstrarafgangi af rúmlega 280 m.kr. veltu.

Árið 2015 fækkaði farþegum um 26 þúsund frá fyrra ári, sem er um 13% samdráttur en á sama tíma jukust farþegatekjur um 11 m.kr. eða 7,5%. Árið 2015 var tap á rekstrinum tæplega 11 m.kr. af rúmlega 300 m.kr. veltu.

Á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 hefur farþegum fækkað um 12,6% samanborið við fyrstu sex mánuði ársins 2015. Á sama tíma hafa tekjur aukist um 2,5 m.kr. eða um 3,7% og tekjur á farþega hafa aukist um 18%. Aukning í tekjum af sölu fargjalda skýrist sennilega að mestu af hækkun fargjalda í mars sl. og hlutfallslega fleiri farþegum sem fara lengri og dýrari ferðir.

Nokkur óvissa ríkir um reksturinn á seinni hluta ársins en ef við gefum okkur að tekjur og gjöld séu sambærileg við það sem var árið á undan má gera ráð fyrir um 8 m.kr. tapi af rekstrinum. Færri nemendur í FSU og breyting á afgreiðslu ferðastyrks LÍN til nemenda skýrir að hluta til samdrátt í farþegafjölda, breyting á aðferðafræði við talningu farþega hefur einnig áhrif á niðurstöðuna og ekki má gleyma góðærinu. Þróunar- og olíustyrkir Vegagerðarinnar sem greiddir voru fyrstu árin hafa einnig tekjulækkandi áhrif.

Enn er í gangi málarekstur vegna almenningsgangna og einhver bið er á niðurstöðu. Sama er að segja um akstur Sternu travel og fleiri fyrirtækja sem nokkur ár í röð hafa verið með reglubundnar ferðir um Suðurland en Samgöngustofa og innanríkisráðuneytið hafa komist að þeirri niðurstöðu að stofnunin hafi ekki skýrar lagaheimildir til að bregðast við meintum brotum á einkarétti sveitarfélaganna.

Endurskoðun laga um almenningsgangur var ekki afgreidd á síðasta þingi og vonir voru bundnar við að nýtt frumvarp yrði lagt fram á vormánuðum en af því varð ekki. Með samþykkt nýs frumvarps er vonast til að einkaréttur sveitarfélaga á almenningsgangum verði betur tryggður en í núgildandi lögum og jafnframt að Samgöngustofa fái raunhæf úrræði til að bregðast við brotum á þeim einkarétti. Mikilvægt er að lögin öðlist sem fyrst gildi í ljósi þeirrar réttaróvissu sem er uppi. Staða mála er í raun óviðunandi fyrir sveitarfélögin.

SASS leggur mikla áherslu á að ríkið standi við gerða samninga við sveitarfélögin um almenningsgangur. Í heildina hefur rekstur þeirra tekist vel til á Suðurlandi og almenn ánægja er hjá notendum. Samstaða um aksturinn er afar mikilvæg fyrir daglegan rekstur og áframhaldandi þróun almenningsgangna og skiptir miklu máli fyrir íbúa og þá sem sækja landshlutann heim.

Það er því full þörf á því að halda vöku sinni við rekstur og þróun almenningsgangna á Suðurlandi – og raunar landinu öllu. SASS er í ágætu samstarfi við önnur landshlutasamtök og Samband íslenskra sveitarfélaga þar um.

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ EIGNARHALDSFÉLAG SUÐURLANDS

Þjónustusamningur er í gildi á milli Eignarhaldsfélags Suðurlands (EFS) og SASS. Hann kveður á um að samtökin sjá um daglega umsjón og verkefni EFS, s.s. undirbúning stjórnarfundar og svara fyrirspurnum um félagið í umboði stjórnar. Verkefnin falla einkar vel að verkefnum samtakanna, sérstaklega því sem snýr að atvinnuþróun og ráðgjöf. Samstarfið hefur gengið vel og er reiknað með að það standi til frambúðar. Stjórn EFS hefur komið að margvíslegum verkefnum gegnum tíðina. Núverandi stjórn fór í stefnumörkun um framtíð og verkefni á yfirstandandi starfsári. Nánari upplýsingar um Eignarhaldsfélagið er að finna á heimasíðu sjóðsins www.efs.is.

ART VERKEFNIÐ

ART teymið skipa Sigríður Þorsteinsdóttir verkefnisstjóri, grunnskólakennari og ART þjálfari og Gunnar Þór Gunnarsson, félagsráðgjafi og ART þjálfari. Sigríður hefur aukin réttindi sem ART þjálfari og má því þjálfra aðra til að verða ART þjálfarar. Kolbrún Sigþórsdóttir grunnskólakennari var einnig hluti af ART teyminu en hún lét af störfum í ágúst sl. ART teymið veitir meðferð og/eða handleiðslu á öllu Suðurlandi að Vestmannaeyjum og Höfn í Hornafirði frátöldum. Námskeiðshald og handleiðsla er sífellt stækkandi þáttur í starfsemi teymisins og er töluverð eftirspurn eftir námskeiðum og handleiðslu af öllu landinu.

ART teymið sinnir töluverðri meðferðarvinnu á Suðurlandi og er einstökum börnum vísað til teymisins annars vegar í gegnum skóla og/eða heimili og hins vegar gegnum barnaverndarnefndir á svæðinu. Í slíkum málum vinnur teymið með börnin og fjölskyldur þeirra í náinni samvinnu við heimaskóla barnanna. Þá eru börnin gjarnan í bekkjar-ART tímum með bekkjarfélögum í skólanum sínum samhliða fjölskyldu-ART tímum með fjölskyldunum. ART-teymið hefur á liðnu tímabili haft 55 einstaklinga í meðferð að meðtöldum eftirfylgni erindum. Erindin eru frá ýmsum skólum á Suðurlandi allt frá Kirkjubæjarklaustri og til Þorlákshafnar. Á fundi inntökuráðs í maí sl. voru 17 ný erindi tekinn inn fyrir haustönn 2016 auk þess sem teymið er með 25 eftirfylgni erinda.

Fimm grunnskólanámskeið, þar af eitt í Reykjavík og þrjú leikskólanámskeið voru haldin á tímabilinu.

Áhugi á ART verkefningu hefur verið að aukast, sem dæmi má nefna, að leikskólinn Leikholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er nú vottaður leikskóli síðan í vor. Nemar frá Háskóla Íslands hafa verið í verknámi og finnskir kollegar koma í október til að kynna sér hvernig notast er við ART aðferðarfræðina í leik- og grunnskólum.

Stöðug óvissa um fjármögnun ART verkefnisins á fjárlögum hjá ríkinu hefur haft slæm áhrif á vöxt og viðgang verkefnisins. Fyrir árið 2016 var fjármögnun tryggð í meðförum fjárlaganefndar og þá eingöngu í eitt ár. Enn og aftur er því óvissa hvort það takist að fjármagna verkefnið fyrir árið 2017. Óvissan hefur leitt til þess að einn starfsmaður teymisins hefur á árinu látið af störfum og því eru einungis tveir starfsmenn í fullu starfi en auk þess verður aðkeypt verktakavinna.

Sveitarfélögin á Suðurlandi hafa staðið þétt við bakið á ART verkefningu og reynst því vel í baráttunni um fjármagn og ber að þakka það. Að sjálfsögðu vonumst við til að svo verði áfram og að

sveitarstjórnnum og öðrum takist að hafa áhrif á fjárveitingavaldið þannig að fjármögnun verkefnisins sé tryggð til næstu ára. Þannig getur teymið áfram byggt ofan á reynslu undangenginna ára til heilla fyrir íslensk börn, ungmenni og fjölskyldur. Einkunnarorð ART teymisins eru „Vandað, hagkvæmt og árangursríkt“.

SAMNINGAR

Í gildi er samningur um Sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019 sem undirritaður var af mennta- og menningarmálaráðherra, sjávarútvegsráðherra og formanni SASS, 10. febrúar 2015. Sjóðurinn er fjármagnaður með samningi við ráðuneytin og með framlögum frá sveitarfélögunum. Samtals renna til Sóknaráætlunar Suðurlands tæplega 115 m.kr. á árinu 2016. Gildistími samnings um sóknaráætlanir landshluta og þar með Uppbyggingarsjóðs er fyrir árin 2015 til 2019.

Gerður var nýr samningur milli Byggðastofnunar, Kirkjubæjarstofu, SASS og Skaftárhrepps tengt verkefninu Skaftárhreppur til framtíðar.

SASS gerði samtarfssamninga við eftirtalda samstarfsaðila Þekkingarsetur Vestmannaeyja, Kötlusetrið, Háskólafélags Suðurlands, Körlusetrið og Markaðsstofu Suðurlands.

UMSAGNIR OG ÁLYKTANIR

Að venju hafa fjölmörg mál verið til umfjöllunar hjá stjórn SASS, bæði umsagnir um þingmál og mál sem varða landshlutann.

Velferðarráðuneytið 9. nóvember 2016

ART verkefnið - tryggja þarf fjármögnun nú þegar

Stjórn SASS áréttar ályktun ársþings SASS 2015 og lýsir yfir áhyggjum sínum vegna fyrirhugaðra áætlana ríkisstjórnar um að leggja niður ART verkefnið á Suðurlandi. Skorað er á þingmenn Suðurlands að standa vörð um þetta mikilvæga verkefni. Óskað er eftir að félags- og húsnæðismálaráðherra gangi strax frá nýjum samningi um ART verkefnið til frambúðar.

Alþingi, þingmenn o.fl. – 12. nóvember 2015

Árþing SASS 2015 - ályktanir

Árþing SASS, haldið í Vík í Mýrdal dagana 29.-30. október 2015, samþykkti eftirfarandi ályktanir:

Málefni fatlaðra á Suðurlandi:

Árþing SASS 2015 lýsir yfir áhyggjum af fjárskorti í rekstri málaflokks fatlaðs fólks á Suðurlandi, en útkomuspá fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir að um 150 m.kr. muni falla á sveitarfélögin á þessu rekstrarári til viðbótar við 63 m.kr. árið 2014. Ljóst er að verulega vantar upp á að nægilegt fjármagn hafi fylgt við yfirfærslu málaflokksins. Telur árþing SASS að ef ekki næst ásættanleg niðurstaða varðandi fjármálahlutann í endurskoðun þeirri sem nú stendur yfir verði sveitarfélögum nauðugur einn kostur að skila málafloknum til ríkisins.

Hjúkrunarrými / stuðningur við aldraða til að búa heima sem lengst:

Árþing SASS 2015 leggur áherslu á að **unnið verði samkvæmt skýrslu um stöðugreiningu hjúkrunarheimila á Suðurlandi** sem SASS lét gera nú á vormánuðum. Megin niðurstöður skýrslunnar voru:

- að mikilvægt væri að fjölga hjúkrunar- og hvíldarrýmum
- fjölga úrræðum fyrir heilabilaða
- útrýma tvíbýlum
- tryggja nægjanlegt einkarými svo hægt sé að veita nauðsynlega persónulega þjónustu
- hækka daggjöld svo rekstur heimila standi undir sér

Árið 2014 voru sveitarfélög og stofnanir svæðisins að greiða tæplega 200 m.kr. með rekstrinum. Nauðsynlegt er að **styrkja heimahjúkrun á svæðinu til muna** svo að í boði verði kvöld- og helgarþjónusta. Það ásamt því að fjölga hvíldarrýmum og gefa leyfi fyrir endurhæfingarhvíldarrýmum gæti dregið úr þörf fyrir hjúkrunarrými auk þess að koma til móts við óskir fólks um að búa heima eins lengi og unnt er.

30 manns eru á biðlista eftir hjúkrunarrýmum og 55 manns á biðlista eftir hvíldarrýmum á svæðinu.

ART verkefnið í uppnámi - tryggja þarf fjármögnun nú þegar:

Árþing SASS 2015 lýsir yfir áhyggjum sínum vegna fyrirhugaðra áætlana ríkisstjórnar um að leggja niður ART verkefnið á Suðurlandi. Skorað er á þingmenn Suðurlands að standa vörð um þetta mikilvæga verkefni og óskar eftir því að **velferðarráðherra gangi strax frá nýjum samningi um ART verkefnið til frambúðar.**

Heilbrigðisstofnun Suðurlands:

Árþing SASS 2015 hvetur ríkisvaldið til að **tryggja fjármuni til reksturs sjúkraflutninga á svæðinu.** Með stóru auknum ferðamannafjölda hefur 20% aukning á sjúkraflutningum orðið á milli árána 2011 og 2014, aukning í júlímánuði 2015 samanborið við júlímánuð 2011 er 46%. Árið 2015 vantar 35 m.kr. til málaflöksins svo starfsemin standi undir sér. Brýnt er að styrkja sjúkraflug þannig að viðbragðstími sé innan ásættanlegra viðmiðunarmarka. Árþingið hvetur ríkisvaldið til að **tryggja fjármagn til reksturs göngudeildar HSU á Selfossi** en velferðarráðuneytið hvatti stofnunina til að

hefja rekstur deildarinnar. Deildin þjónar íbúum svæðisins sem þurfa sérhæfðar lyfjagjafir og blóðskilun. Fjármagn hefur ekki fylgt verkefninu og er áætlaður kostnaður 18,5 m.kr.

Árþingið telur nauðsynlegt að **tryggja fæðingarþjónustu í nærumhverfi þjónustuþega.** Þar sem aðgengi að fæðingarþjónustu innan nærumhverfisins er ekki við komið vegna smæðar samfélaga eða annarra ytri þátta er brýnt að aukakostnaður vegna slíks verði ekki lagður á barnshafandi konur og fjölskyldur þeirra.

Árþingið tekur undir sjónarmið bæjarstjórnar Hornarfjarðar og bendir á skýran vilja bæjarstjórnar og framkvæmdarráðs HSU Hornafirði til að **endurnýja þjónustusamning við sveitarfélagið** áður en núverandi samningur rennur út í lok árs 2016. Mikill árangur hefur náðst á þeim 19 árum sem sveitarfélagið Hornafjörður hefur séð um rekstur heilbrigðisstofnunar í samþættingu þjónustunnar.

Löggæsla:

Árþing SASS 2015 ályktar eftirfarandi um löggæslumál á Suðurlandi. Umdæmi Lögreglustjórans á Suðurlandi er mjög víðáttumikið og fjölbreytilegt. Hin mikla aukning ferðamanna á Íslandi hefur aukið verulega verkefni lögreglunnar. Það segir sig sjálft að **fámennt lögreglulið á Suðurlandi,** sem ekki gat sinnt öllum sínum lögbundnu verkefnum fyrir þessa miklu aukningu ferðamanna, er engan veginn í stakk búið til að takast á við þessi verkefni án aukinna fjárframlaga og stöðugilda. Lögreglan getur í raun hvorki sinnt auknum verkefnum vegna aukins þunga ferðamanna né veitt íbúum umdæmisins þá þjónustu sem henni er falið samkvæmt lögum.

Árþing SASS 2015 skorar á Alþingi að taka á þessum málum af alvöru, sækja fram og gæta hagsmuna og öryggis íbúa á Suðurlandi og allra þeirra gesta og ferðamanna sem um landshlutann fara. **Tryggja þarf auknar fjárveitingar til lögreglunnar** til að gera henni kleift að sinna verkefnum sínum.

Menntamál:

Árþing SASS 2015 leggur ríka áherslu á aukið framboð háskólanáms á Suðurlandi. Þingið leggst alfarið gegn því að þær háskólastofnanir sem fyrir eru á svæðinu, eins og til dæmis Landbúnaðarháskóli Íslands að Reykjum í Ölfusi og Íþróttá- og heilsufræðinám Háskóla Íslands á Laugarvatni, verði fluttar burtu. Aukið menntunarstig á svæðinu er gríðarlega mikilvægt og því verður ekki náð með því að flytja háskólastofnanir úr héraði. **Mikilvægt er að sækja fram og efla þær skólastofnanir sem fyrir eru á**

svæðinu, ásamt því að ná betri tengingu þeirra við atvinnulífið. Þannig næst meiri verðmætanýting auðlinda og fjölbreyttari störf verða til.

Menningarmál:

Árþing SASS 2015 leggur áherslu á að **aukið fjármagn verði tryggt í úthlutun til menningarmála hjá Uppbyggingarsjóði Suðurlands.** Mikil gróska er í menningarmálum og því er mikilvægt að hlúa að slíkri starfsemi. Fjármagn til menningartengdrar starfsemi á Suðurland, svo sem Kirkjubæjarstofu, Kötlueturs og Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar þarf að tryggja til framtíðar.

Tekjustofnar sveitarfélaga:

Árþing SASS 2015 skorar á ríkisvaldið að **auka hlutdeild sveitarfélaga í tekjum hins opinbera, s.s.** með hlutdeild í fjármagnssköttum, tryggingagjaldi og öðrum sköttum af atvinnurekstri og sköttum af umferð, s.s. bensínskatti og olíugjöldum. Einnig verði dregið úr skatttöku ríkisvaldsins af rekstri sveitarfélaga, s.s. hvað varðar virðisaukaskatt og tryggingagjald.

Umhverfismál – vsk af fráveituframkvæmdum:

Árþing SASS 2015 leggur mikla áherslu á að ríkisvaldið sjái til þess að sveitarfélög **fái virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum endurgreiddan.**

Almenningssamgöngur:

Árþing SASS 2015 skorar á ríkisvaldið að standa vörð um almenningssamgöngur á landinu. **Skilgreina þarf lagaramma verkefnisins og tryggja því nægjanlegt rekstrarfjármagn.** Skilvirkt lagaumhverfi um almenningssamgöngur er alger forsenda þessa að sveitarfélögin á Suðurlandi sjái sér fært að halda áfram utan um þetta verkefni.

Samgöngur:

Árþing SASS 2015 telur mikilvægt að tryggja eðlilegt viðhald flugvalla á Suðurlandi með öryggissjónarmið íbúa í huga. Að **Reykjavíkflugvöllur verði áfram í Vatnsmýri** er mikið hagsmunamál fyrir íbúa á landsbyggðinni. Tryggja þarf uppbyggingu samgöngumannvirkja sem skemmst hafa vegna náttúruhamfara. Einnig þá vegi sem teknir hafa verið út af vegaskrá Vegagerðarinnar og hafa þjónustuhlutverk. Þrýst er á að Vegagerðin hraði framkvæmdum í Gatnabrún.

Árþing SASS 2015 leggur áherslu á að **útboð á nýjum Herjólfri** verði að veruleika hið fyrsta.

Árþing SASS 2015 leggur áherslu að **ný veglína um Mýrdal komist á 12 ára samgönguáætlun.**

Umferðaröryggi:

Mikil aukning ferðamanna á Suðurlandi hefur í för með sér verulega aukningu umferðar á þjóðvegum í landshlutanum. Mikill fjöldi einbreiðra brúa og vega án bundins slitlags eru miklar slysagildir sem mikilvægt er að verði fjarlægðar hið fyrsta. **Fjármunir til viðhalds vegakerfis á Suðurlandi eru langt undir því sem nauðsynlegir eru til að tryggja umferðaröryggi.** Tryggja þarf nægjanlegt fjármagn til vetrarþjónustu þannig að umferðaröryggi verði tryggt s.s. þjónusta við Suðurstrandaveg á þeim

tímum sem lokanir verða yfir Helligheiði og um Þrengsli. Við endurnýjun vega verði tekið **tillit til ríðandi og hjólandi umferðar**.

Hafnir og Grynnslin:

Árþing SASS 2015 leggur þunga áherslu á að **tryggja fé til rannsókna á sandburði í og umhverfis sunnlenskar hafnir** svo finna megi varanlegar lausnir á þessari náttúruvá. Óásættanlegt er að hafnarsjóður Hornafjarðar þurfi að standa sjálfur straum að kostnaði við aðgerðir sem tryggja, þó ekki nema til bráðabirgða, eðlilega umferð fiski- og fraktskipa um Hornafjarðarós. Hafa ber í huga að Grynnslin eru fyrir utan skilgreint hafnarsvæði.

Raforkumál:

Tryggja verður **afhendingaröryggi rafmagns** á Suðurlandi og einnig verður að **tryggja þriggja fasa rafmagn** á öllu svæðinu hið fyrsta, þessir þættir eru báðir forsendur fyrir uppbyggingu byggðar og atvinnu á Suðurlandi.

Háhraðatengingar:

Árþing SASS 2015 fagnar framkominni skýrslu starfshóps um alþjónustu í fjarskiptum og útbreiðslu háhraðatenginga á Íslandi. Þau markmið sem þar koma fram eru nauðsynleg til að tryggja atvinnuuppbyggingu og búsetuval íbúa landsins. Mikilvægt er að þessum áformum verði hrint í framkvæmd nú þegar. **Háhraðatengingar eru forsenda byggðar og atvinnu í dreifðari byggðum**. Nauðsynlegt er að skýra hlutverk sveitarfélaga í verkefninu. Ljóst er að fjárhagsleg geta sveitarfélaga til að standa undir miklum kostnaði vegna háhraðauppbyggingar eru misjafnar.

Þrátt fyrir að liggja fyrir áætlun um að ljósleiðaravæða Ísland skýtur skökku við að stjórnvöld leggi til í fjárlagafrumvarpi að **aðeins verði 300 m.kr. varið í verkefni sem er metið á 6,3 milljarða króna**.

Skipulagsmál:

Árþing SASS 2015 telur rétt að taka fyrstu skref í að **byggja upp kortasafn (Atlas)** fyrir Suðurland sem nýst getur við stefnumótun og skipulag á Suðurlandi einkum í ferðaþjónustu. Lagt er til að hefja vinnuna með þeim upplýsingum sem liggja fyrir í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna og tengjast ferðamálum.

Uppbygging ferðamannastaða:

Tryggja verður að Stjórnstöð ferðamála sem nú hefur verið stofnuð fari þegar að starfa að fullum krafti að þeim aðkallandi verkefnum sem ekki þola lengri bið. Tryggja verður að **auknu fjármagni verði strax varið í uppbyggingu og viðhald ferðamannastaða** á Suðurlandi, sem nú þegar eru farnir að láta á sjá vegna aukins ferðamannastraums. Gjaldtaka hefjist sem fyrst, í hvaða formi sem hún verður og skili sér til uppbyggingar og viðhalds svæða í samhengi við fjölda ferðamanna.

Sóknaráætlun Suðurlands:

Árþing SASS 2015 fagnar þeim áfanga sem náðist við undirritun nýs samnings um sóknaráætlun til fimm ára. Þingið fagnar því einnig að staða sóknaráætlunar hafi verið tryggð í nýjum lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir. Það er hins vegar ljóst að ef markmið samningsins eiga að nást er

algjört grundvallaratriði að **ríkisvaldið leggi umtalsvert meira fé til samningsins** og þá ekki síst til að standa straum af umsýslukostnaði sem leiðir af kröfum ríkisins til landshlutanna.

Árþing SASS 2015 ályktar að breytingar skuli gerðar á samningi við ráðuneytin, um Sóknaráætlun Suðurlands, varðandi **skilyrði um hlutfall kjörinna fulltrúa í úthlutunarnefnd** Uppbyggingarsjóðs Suðurlands (verkefnastjórn Sóknaráætlunar) svo SASS sé í sjálfsvald sett hvert hlutfallið sé.

Árþing SASS 2015 styður framlagða stefnumörkun Suðurlands og leggur til að Sóknaráætlun Suðurlands verði endurskoðuð árlega og mikilvægt sé að ályktanir SASS séu lagðar til grundvallar við forgangsröðun og endurskoðun Sóknaráætlunar ár hvert.

Árþing SASS 2015 telur þörf á betri tengingu Sóknaráætlunar Suðurlands við sveitarstjórnarstigið á Suðurlandi. Það telur æskilegt að í hverju sveitarfélagi verði að lágmarki einn kjörinn fulltrúi tengiliður inn í vinnu við gerð Sóknaráætlunar hverju sinni.

Alþing – fjárlaganefnd 21. nóvember 2016

Virðisaukaskattur á akstursþjónustu sveitarfélaga

Stjórn SASS hefur áhyggjur af álagningu virðisaukaskatts á akstursþjónustu sveitarfélaga s.s. almenningsamgöngur og skólaakstur en við álagninguna mun tilkostnaður SASS og sveitarfélaganna aukast. Stjórn SASS skorar á Alþingi að áfram verði sveitarfélögin undanþegin virðisaukaskatti á akstursþjónustu og að það gildi um akstur fatlaðra, aldraðra, almenningsamgöngur og skólaakstur.

Alþingi – umhverfis- og samgöngunefnd 19. janúar 2016

Umsögn stjórnar SASS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði), 263 mál.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga leggst gegn því að frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði) verði samþykkt óbreytt.

Stjórnin skorar á Alþingi að beita sér fyrir breytingu á því þannig að byggt verði á hefðbundinni skiptireglu Jöfnunarsjóðs.

Vegagerðin - 12. febrúar 2016

Vetrarlokanir á Suðurlandsvegi og vetrarþjónusta á Suðurstrandarvegi

Stjórn SASS tekur undir bókun bæjarráðs Árborgar, sem fram kom á fundi ráðsins 28. janúar sl., á nauðsyn þess að Vegagerðin breyti skilgreiningu á vetrarþjónustu fyrir Suðurstrandarveg á þann hátt að vetrarþjónusta sé veitt 5 daga vikunnar.

Vegna tíðra lokana Suðurlandsvegur á Hellisheiði og um Þrengslin er mjög brýnt að hafa möguleika á að beina umferð um Suðurstrandarveg.

Lokanir á Suðurlandsvegi hafa mikil og neikvæð áhrif á íbúa og fyrirtæki á Suðurlandi.

Nauðsynlegt er að hafa aðra leið færa á milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins/Suðurnesja.

Alþingi - atvinnuveganefnd 12. febrúar 2016

Umsögn stjórnar SASS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi), 457. mál.

Stjórn SASS leggst gegn samþykkt frumvarpsins að óbreyttu. Hún tekur undir ábendingar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fram koma í umsögn þeirra til atvinnuveganefndar og dagsett er 29. janúar sl.

Stjórn SASS vill sérstaklega árétta að hún telur að 90 daga reglan sem tengist heimagistingu samræmist ekki jafnræðisreglunni. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt er verið að mismuna aðilum á þann hátt að meðan einn þurfi að afla sér tilskilinna leyfa með tilheyrandi umstangi og kostnaði þurfi aðrir þess ekki.

Forsvarsmenn SASS óska sérstaklega eftir að koma á fund atvinnuveganefndar til að skýra málið nánar.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 11. febrúar 2016

Umhverfisráðuneytið óskaði eftir umsögn um tillögur að breytingum á byggingarreglugerð til lækkunar byggingarkostnaðar íbúðarhúsnæðis.

Stjórn SASS fagnar fyrirhuguðum breytingum á byggingarreglugerð sem leiða eiga til lækkunar byggingarkostnaðar íbúðarhúsnæðis.

Stjórnin gerir hins vegar athugasemdir við drög að reglugerð í lið 2.3.5. gr. þar sem fjallað er um minniháttar byggingar. Þar sem heimilt er að byggja allt að 15 m² hús án leyfis, þarf einungis að tilkynna um framkvæmdina. Búið er að taka út eldri grein 5. þar sem ekki var heimilt að tengja vatn, rafmagn eða annað við viðkomandi framkvæmd. Hvatt er til að þessi skilgreining verði áfram í reglugerðinni.

Stjórnin leggst alfarið gegn fyrirhuguðum breytingum varðandi heimildir til að byggja allt að 25 m² húsnæði, bílskúr og gestahús, sem eingöngu er tilkynningarskylt. Þessar heimildir munu kalla á veruleg vandkvæði með eftirfylgni og eftirlit með framkvæmdum og túlkun einstaklinga um fjarlægðir frá lóðamörkum, sérstaklega í eldri hverfum þar sem ekki er mjög skilgreint deiliskipulag í gildi.

Stjórn SASS sér ekki að þessar heimildir leiði til lægra íbúðaverðs þar sem áður nefndar heimildir snúa ekki að íbúðarhúsnæði beint eða framkvæmdarkostnaði við byggingu þess.

Vegagerðin - Hreinn Haraldsson, vegamálstjóri 12. febrúar 2016

Vetrarlokanir á Suðurlandsvegi og vetrarþjónusta á Suðurstrandarvegi

Ágæti Hreinn.

Stjórn SASS tekur undir bókun bæjarráðs Árborgar, sem fram kom á fundi ráðsins 28. janúar sl., á nauðsyn þess að Vegagerðin breyti skilgreiningu á vetrarþjónustu fyrir Suðurstrandarveg á þann hátt að vetrarþjónusta sé veitt 5 daga vikunnar.

Vegna tíðra lokana Suðurlandsvegur á Hellisheiði og um Þrengslin er mjög brýnt að hafa möguleika á að beina umferð um Suðurstrandarveg.

Lokanir á Suðurlandsvegi hafa mikil og neikvæð áhrif á íbúa og fyrirtæki á Suðurlandi.

Nauðsynlegt að hafa aðra leið færa á milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins/Suðurnesja.

Innanríkisráðuneytið – Fjarskiptasjóður 16. febrúar 2016

Ákall stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um uppsetningu á farsímasendum til að bæta farsímasamband á Suðurstrandarvegi og Þrengslavegi

Vegna tíðra lokana Suðurlandsvegar á Hellisheiði og um Þrengslin er mjög brýnt að hafa möguleika á að beina umferð um Suðurstrandarveg en nauðsynlegt er að hafa aðra leið færa á milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins/Suðurnesja.

Stjórn SASS telur nauðsynlegt, til að tryggja öryggi vegfarenda og út frá almannavarnar-sjónarmiðum, að sem fyrst sé ráðist í uppsetningu farsímasenda á Suðurstrandarvegi og Þrengslavegi en stór hluti beggja leiða eru utan símasambands.

Stjórn SASS óskar hér með eftir að Fjarskiptasjóður beiti sér fyrir að ráðist verði sem fyrst í úrbætur með uppsetningu á farsímasendum þannig að vegfarendur sem leið eiga um Suðurstrandarveg og Þrengslaveg geti verið í sambandi í neyðartilfellum.

Alþingi - velferðarnefnd 7. mars 2016

Umsögn stjórnar SASS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, 458. mál.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fram kemur í bréfi til nefndarsviðs Alþingis og dagsett er 27. febrúar 2015. Stjórn SASS styður frumvarpið og telur eðlilegt að lögfasta heimild sveitarfélaga til að skilyrða fjárhagsaðstoð.

Háskólanám í íþróttáfræðum á Laugarvatni 4. mars 2016

Stjórn SASS mótmælir harðlega ákvörðun Háskóla Íslands að færa nám í íþrótt- og heilsufræði frá Laugarvatni til Reykjavíkur. Með þessari ákvörðun er Háskóli Íslands að bregðast því trausti að vera háskóli allra landsmanna.

Í ljósi stöðunnar telur stjórn SASS mikilvægt að hagaðilar á Suðurlandi í menntamálum ásamt þingmönnum kjördæmisins og rektorum íslenskra háskóla hittist sem fyrst á málþingi til að fjalla um framtíðarmöguleika framhalds- og háskólanáms á Suðurlandi.

Alþingi – umhverfis- og samgöngunefnd 15. apríl 2016

Umsögn stjórnar SASS um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2015 - 2018

Stjórn SASS áréttar umsögn sína um tillögu til þingsályktunar á Alþingi um samgönguáætlun fyrir árin 2015-2018.

Almennt: Við skiptingu fjármuna er eðlilegast að horfa á landið í heild, beina þarf fjármunum í þær framkvæmdir sem eru brýnastar hverju sinni og forgangsraða þarf framkvæmdum á landinu í heild m.t.t. umferðar- og öryggissjónarmiða. Lögð er áhersla á að meiri fjármunum verði varið á næstu árum til rannsókna í samgöngumálum og við áætlanagerð verði höfð sérstök hliðsjón af umferðarspám, s.s. vegna fjölgunar ferðamanna.

Almenningssamgöngur: Gildi almenningssamgangna í byggðapróun er mikið. Í þingsályktuninni er ekki gert ráð fyrir hækkunum vegna almenningssamgangna, óbreytt framlag á milli ári. Skorað er á ríkisvaldið að standa við þá samninga sem gerðir hafa verið og jafnframt verði tillit tekið til breytinga á endurgreiðslu olúgjalds til að tryggja megi skilvirka og góða þjónustu.

Umferðaröryggi: Mikilvægt er að tryggja öryggi allra vegfarenda með stórauknu fjármagni til viðhalds samgöngumannvirkja. Viðhald vega hefur ekki verið í takt við fjölgun vegfarenda og því brýnt að bæta úr því án tafar. Í samgönguáætluninni er einungis gert ráð fyrir því að endurnýja 6-7% af flatarmáli bundins slitlags á hverju ári en hlutdeildin ætti að vera nær 10-12%. Lagt er til að lögð verði megináhersla á þetta verkefni á næstu árum.

Fækkun einbreiðra brúa: Því er sérstaklega fagnað að í samgönguáætlun er gert ráð fyrir að brúargerð yfir Hornafjarðarfljót verði flýtt. Við það fækkar um þrjár einbreiðar brýr á hringveginum og hann styttest sem nemur 11 km. Ný brú yfir Morsá tekur af lengstu einbreiðu brú landsins.

Áfram verður að leggja áherslu á nauðsyn þess að bæta samgöngumál í V- og A-Skaftafellssýslum. Farið verði hraðar í fækkun annarra einbreiðra brúa á Þjóðvegi 1 en gert er ráð fyrir í samgönguáætluninni en fjöldi þeirra er í V- og A-Skaftafellssýslum eða 17 þegar framagreindum framkvæmdum er lokið. Enga áætlun er að sjá um hversu hratt verður farið í að fækka þeim. Um mikið umferðaröryggismál er að ræða og í samræmi við það markmið áætlunarinnar að styrkja meginflutningsleiðir og auka öryggi vegfarenda.

Suðurlandsvegur á milli Hveragerðis og Selfoss: Stjórn SASS lýsir yfir ánægju sinni með að í samgönguáætluninni er gert ráð fyrir vegabótum á milli Selfoss og Hveragerðis. Þó hefði verið skynsamlegra að byggja veg með 2 + 2 sniði þar sem umferð um veginn er mikil. Það er mikilvægt að forgangsakstur geti gengið greiðlega fyrir sig og tafir á leiðinni verði ekki með þeim hætti að lífi sjúklinga standi ógn af. Vegur með 2+1 sniði og vegriði á milli gæti valdið slíkri ógn.

Hafnir: Lögð er áhersla á að tryggt verði fé til dýpkunar sunnlenskra hafna, þ.e. Hornafjarðarhafnar, Landeyjahafnar, Vestmannaeyjahafnar og Þorlákshafnar. Sérstaklega er mikilvægt að vinna að framtíðarlausn innsiglingar um Hornafjarðarós, Grynnslin.

Það er fagnaðarefni að endurbætur hafnarinnar í Þorlákshöfn séu hluti samgönguáætlunarinnar. Endurbæturnar eru mikilvægt hagsmunamál fyrir Suðurland en höfnin er stórt tækifæri til öflugrar atvinnuuppbyggingar á Suðurlandi. Lögð er áhersla á að framkvæmdum verði flýtt en áætlað fjármagn til verksins á tímabilinu er aðeins um fjórðungur af heildarkostnaði skv. frumkostnaðaráætlun Vegagerðarinnar.

Lokaorð: Á vef Vegagerðarinnar kemur fram að umferðin í mars á Þjóðvegi 1 hafi aukist um ríflega tuttugu prósent frá sama mánuði í fyrra. Aldrei hefur mælst jafn mikil aukning milli mánaða á hringveginum, mismunandi tímasetning páska skýrir þetta að einhverju leyti en talið er líklegt að umferð erlendra ferðamanna skýri aukninguna að miklu leyti.

Þar kemur jafnframt fram að umferðin um Mýrdalssand hafi aukist um 83% og hefur verið að aukast gríðarmikið undanfarin ár, til dæmis jókst umferðin um sandinn um 77% milli aprílmánaða 2013 og 2014.

Framangreint undirstrikar enn frekar nauðsyn þess að stórauka þarf framlög til viðhalds á núverandi vegakerfi til að tryggja öryggi vegfarenda.

Umsögn stjórnar SASS um samgönguáætlun 2015 – 2018 var fylgt eftir á fundi með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

Velferðarráðuneytið 13. maí 2016

Bág fjárhagsstaða Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Ljóst er að fjárhagsstaða Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) er grafalvarleg. Með síauknum fjölda ferðamanna hefur álagið á starfsmenn stofnunarinnar stóraukist.

Til að rétta við rekstur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands er ljóst að tvennt þarf til, í fyrsta lagi þarf ríkið að veita fjármagni í að greiða skuldir sem fylgdu gamla HSU til nýrrar stofnunar og í öðru lagi þarf að auka fjárframlög til stofnunarinnar.

Verði ekki fundin lausn á framangreindu er ljóst að skerða þarf þjónustuna verulega við íbúa Suðurlands.

Alþingi - fjárlaganefnd 27. maí 2016

Umsögn stjórnar SASS um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2017 – 2021, 740. og 741. mál.

Stjórn SASS fagnar framlagningu þingsályktunartillagnanna. Að mati stjórnar stuðlar stefnumörkun og áætlanagerð í fjármálum hins opinbera að bættri hagstjórn og ábyrgari fjármálastjórn. Með framlagningu áætlunarinnar er mótuð stefna í opinberum fjármálum fyrir lengra tímabil en eins árs í einu, eins og verið hefur. Auk þess verður til heildstætt yfirlit yfir fjármál ríkisins fram til ársins 2020.

Stjórnin tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. maí sl., um þingsályktanirnar enda hafa flest málefnasvið fjármálaáætlunar beinar eða óbeinar tengingar við sveitarfélögin. Stjórnin vill jafnframt á rétta eftirfarandi.

Í samgöngumálum er nauðsynlegt að beina fjármunum í þær framkvæmdir sem eru brýnastar hverju sinni og forgangsraða þarf þeim á landinu í heild m.t.t. umferðar- og öryggissjónarmiða. Lögð er áhersla á að meiri fjármunum verði varið á næstu árum til viðhalds samgöngumannvirkja og rannsókna í samgöngumálum og við áætlanagerð verði höfð sérstök hliðsjón af umferðarspám, s.s. vegna fjölgunar ferðamanna. Einnig er nauðsynlegt að huga að hafnarframkvæmdum.

Stjórn SASS tekur undir meginstefnu á sviði byggðapróunar sem er að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðalaga um land allt. Stjórnin fagnar því að framlög til byggðamála og sóknaráætlana landshluta sé að aukast. Sóknaráætlanir landshluta eru mikilvægur samstarfsvettvangur fyrir ríki og sveitarfélög um byggðapróun.

Átaksverkefnið Ísland ljóstengt er mikilvæg stoð í byggðapróun og eitt af megin viðfangsefnum stjórnvalda á sviði fjarskipta til ársins 2020. – Átaksverkefni þessu í uppbyggingu innviða má um margt líkja við rafvæðingu landsins á sínum tíma. – Að áliti stjórnar SASS þarf að auka framlög til verkefnisins til að því verði lokið í síðasta lagi 2020.

Stjórnin tekur undir áhyggjur Sambandsins um að ríkið setji sér ekki metnaðarfullri áætlanir um almenningsamgöngur, svo ekki sé talað um mikilvægi þess að nýtt frumvarp um farþegaflutninga á landi líti dagsins ljós. Samningar um almenningsamgöngur renna úr gildi í lok ársins 2018 og því er mikilvægt að Alþingi taki af skarið og móti skýra afstöðu til áframhalds þessa samstarfsverkefnis ríkis og sveitarfélaga ef ekki á illa að fara.

Ánægjulegt er að sjá að verja á auknum fjármunum til sjúkrahúspjónustu en gengið er út frá að viðbótarframlög skili sér m.a. til reksturs Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU). Eðli málsins samkvæmt eiga stjórnvöld að viðhalda aðhaldskröfu í öllum málaflokkum en heilbrigðisþjónustan er einn af hornsteinum samfélagsins.

Stjórnin leggur áherslu á að sveitarfélögum verði tryggðar auknar tekjur til að mæta vaxandi útgjöldum þeirra vegna ferðapjónustunnar. Einnig þarf að gera ráð fyrir því að veita meira fjármagni en áður í aðra innviði, s.s. heilbrigðisþjónustu og löggæslu, til að fjölgun ferðamanna bitni ekki á þjónustu við íbúa á landsvæðinu.

Menntamál eru mikilvægur þáttur í byggðapróun. Stjórnin hvetur stjórnvöld til að huga enn betur að þeim málaflokki og áréttar nauðsyn þess að styðja við þróun fjarkennslu til að jafna aðgengi nemenda til náms. Grunnforsenda virkar fjarkennslu er að nemendur hafi aðgang að góðu netsambandi sem undirstrikar enn frekar nauðsyn þess að ljúka verkefninu Ísland ljóstengt í síðasta lagi 2020.

Um leið og stjórnin styður framkomnar þingsályktunartillögur skorar hún á Alþingi að beita sér fyrir breytingum samkvæmt framangreindum ábendingum.

Alþingi - atvinnuveganefnd 31. maí og 22. júní 2016

Ályktun stjórnar SASS um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, búnaðarlögum og tollalögum (búvörusamningar, búnaðarlagasamningur), 680. mál.

Stjórn SASS hefur fylgst með framvindu mála varðandi gerð og umfjöllun um búvörusamninga sem nú eru til afgreiðslu á Alþingi.

Mikilvægt er að skapa trausta umgjörð um landbúnað og matvælaframleiðslu til lengri tíma líkt og fyrirbyggjandi samningi er ætlað að gera. Landbúnaður er ein af undirstöðuatvinnugreinum í landinu þegar kemur að því að tryggja vandaða innlenda, matvælaframleiðslu og atvinnu- og búsetumöguleika um land allt. Óvissa varðandi starfsskilyrði í landbúnaði bitnar þannig mjög á starfsöryggi og byggðafestu í dreifbýli og mikilvægt er að koma í veg fyrir það svo sem kostur er.

Samstarfið sem nú hefur tekist með gerð á tíu ára búvörusamningi er mjög til þess fallið að skapa góðan grunn og framtíðarsýn fyrir landbúnaðinn og skyldar greinar. Í starfsgreininni eru framleiðsluferlar oftast langir og í greininni er fyrir hendi rík fjárfestingarþörf svo nauðsynlegt er að búvörusamningar marki stefnu til lengri tíma.

Í samningnum eru endurskoðunarákvæði sem gefa alla möguleika til að sníða af þá agnúa sem kunna að koma í ljós eftir því sem samstarfinu vindur fram.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hvetur eindregið til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið 9. ágúst 2016

Umsögn stjórnar SASS um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki - 794. mál 145. löggjafarþings.

Stjórn SASS tekur undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fram koma í umsögn þeirra til mennta- og menningarmálaráðuneytisins í bréfi dagsettu 9. ágúst sl.

Stjórnin leggur áherslu á að farið verði eftir ábendingum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Alþingi - fjárlaganefnd 4. október 2016

Kaup á sérhæfðum tækjum til iðnnáms við Fjölbautaskóla Suðurlands (FSu)

Stjórn SASS þakkar fjárlaganefnd Alþingis fyrir að hafa tekið af skarið með byggingu verknámshúss við Fjölbautaskóla Suðurlands.

Nú hyllir undir að byggingarframkvæmdum verði að fullu lokið í desember nk. og er sá áfangi afar mikilvægur fyrir skólann og eflingu iðnnáms á Suðurlandi.

Ljóst er þó að láðst hefur að gera ráð fyrir fjárframlagi til kaupa á nauðsynlegum kennslubúnaði til verknámskennslu. Um er að ræða kennslu í greinum sem ekki hafa verið kenndar við skólann áður og nýja áfanga sem krefjast meiri tækjabúnaðar en það grunn nám sem skólinn bauð áður upp á gerði. Er því að langmestu leyti um að ræða stofnbúnað sem skólinn fær ekki fjárframlög til að kaupa í gegnum framlög til rekstrar.

Verði ekki fjárfest í nauðsynlegum kennslubúnaði mun hið nýja húsnæði koma að afar takmörkuðum notum og ekki verður unnt að efla iðnnám á Suðurlandi. Nemendur munu því eftir sem áður halda áfram að sækja nám umfram grunndeildarnám út fyrir svæðið.

Kostnaður við kaup kennslubúnaðar er áætlaður 110 m.kr. Stjórn SASS beinir þeirri ósk því til fjárlaganefndar að veitt verði 66 m.kr. fjárveiting á fjáráukalögum til að mæta 60% kostnaðarhlut ríkisins vegna kaupa á stofnbúnaði til skólans.

Stjórn SASS hefur ekki heimild til að skuldbinda aðildarsveitarfélögin fjárhagslega, en umræður um að sveitarfélögin leggi á móti sinn hluta kostnaðar, 40% eða 44 m.kr., hafa verið jákvæðar og hafa sveitarfélögin til þessa ávallt samþykkt að greiða það sem þeim ber vegna þessarar framkvæmdar, enda skiptir hún þau verulegu máli.

LOKAORÐ

Miklar breytingar hafa orðið í umhverfi SASS á undanförunum árum og því nauðsynlegt að laga hlutverk og skipulag að nýjum aðstæðum. Samtökunum hafa verið falin ný verkefni sem mörg hver eru vegna samninga við hið opinbera og lagasetningar.

Markmið skipulagsbreytinganna er að gera starfsemina skilvirkari, hagkvæmari og sveigjanlegri, um leið og náð er fram aukinni samlegð með ólíkum samstarfsaðilum á Suðurlandi. Á sama tíma er markmiðið að tryggja áfram slagkraft samtakanna á sviði hagsmunagæslu sveitarfélaga á Suðurlandi og uppbyggingu innviða. Höfuðmarkmiðið er að starfsemin eflist á öllum sviðum.

Stjórn SASS, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn SASS munu áfram vinna að þessu markmiði í nánu og góðu samstarfi við samstarfsaðila sína á Suðurlandi s.s. Þekkingarsetrið í Vestmannaeyjum, Háskólafélag Suðurlands, Þekkingarsetrið Nýheima á Höfn, Kötlusetrið og Markaðsstofu Suðurlands. Auk þess verða skilgreind verkefni unnin í tengslum við aðra sérfræðinga þegar við á.

Markmið breytinganna er að tryggja að öflug þjónusta standi öllum til boða í landshlutanum en ávinningurinn á einkum að felast í að:

- styrkja stoðir og byggja upp þekkingu hjá samstarfsaðilum,
- auka samstarf milli stofnana á Suðurlandi,
- auka sveigjanleika og ná fram meiri samlegð með samstarfsaðilum sem vinna að sömu markmiðum heima í héraði,
- efla góða tengingu við atvinnulíf, menningarlíf, sveitarstjórnir, stofnanir og fyrirtæki,
- auka sveigjanleika í samnýtingu á starfsmönnum samstarfsaðila og aðstöðu,
- búa til net þekkingar sem allir hafa aðgang að og nýta þar með mannauðinn betur þvert á landshlutanum,
- auka fjölbreytileika og aðgang að sérhæfðari þekkingu með því að kaupa í meira mæli utanaðkomandi ráðgjöf.

Starfsmenn SASS og samstarfsaðilar búa yfir mikilli þekkingu og reynslu. Með samhentum átaki hefur tekist að byggja upp öfluga og kraftmikla liðsheild sem hefur skilað sér í góðri þjónustu við viðskiptavinum samtakanna.

Eins og sjá má á framangreindu hafa fjölmörg mál verið til umfjöllunar hjá stjórn SASS, bæði umsagnir um þingmál og mál sem varða allt Suðurland.

Áfram verður haldið á þeirri braut að sinna markmiðum samtakanna sem eru að:

- vera öflugur samstarfs- og þjónustuvettvangur um hagsmunamál sveitarfélaga, íbúa og atvinnulífs á Suðurlandi,
- sinna verkefnum skv. heimild í sérlögum sem tengjast hlutverki og markmiðum samtakanna, s.s. almenningsamgöngum,
- efla velferðarþjónustu á Suðurlandi,
- vinna að eflingu atvinnu- og athafnalífs á Suðurlandi,
- vinna að stefnumótun í byggðamálum á Suðurlandi,
- stuðla að eflingu mennta- og menningarmála á Suðurlandi,
- veita styrki til verkefna á sviði atvinnulífs og menningar á Suðurlandi.

Með breyttu skipulagi erum við betur búin undir að takast á við þau fjölmörgu og krefjandi verkefni sem framundan eru á Suðurlandi. Markvisst hefur verið unnið að því að byggja upp þekkingu og reynslu hjá samstarfsaðilum okkar sem styrkir stoðir í heimabyggð. Samstarfið og samtalið á milli samstarfsaðila hefur aukist og það sama gildir um atvinnulíf, menningarlíf, sveitarstjórnir, stofnanir og fyrirtæki. Markmið um aukna samlegð og sveigjanleika við nýtingu mannauðs þvert á landshlutann hafa náðst. Í sveitum Suðurlands verður til net þekkingar sem allir hafa aðgang, það styrkir og bætir innviði samfélagsins á Suðurlandi, til heilla fyrir Sunnlendinga.